

**Árósasamningurinn um aðgang að upplýsingum,
þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að
réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum**

**Greining á íslenskri löggjöf með hliðsjón af ákvæðum
Árósasamningsins**

Niðurstaða nefndar

Umhverfisráðuneytið, 28. september 2006

Efnisyfirlit.

I. Inngangur.....	3
II. Almenn um Árósasamninginn.....	4
III. Greining á ákvæðum Árósasamningsins og stöðu hans gagnvart íslenskum lögum.....	5
3.1 Réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál, 4. og 5. gr.	5
3.2 Þátttaka almennings í ákvarðanatöku, 6.–8. gr.	6
3.2.1 6. gr.....	6
3.2.2 7. - 8. gr.	8
3.3 Aðgangur að réttlátri málsmeðferð, 9. gr.	8
3.3.1 1. mgr. 9. gr.	8
3.3.2 2. mgr. 9. gr.	9
3.3.3 3. mgr. 9. gr.	10
3.3.4 4. og 5. mgr. 9. gr.	11
3.3.4.1 Nánar um lögbann og tryggingu vegna þess.	12
3.3.4.2 Um 4. mgr. 9. gr.	12
3.3.4.3 Þörf á lagabreytingum er varða lögbann.	13
3.3.4.4 Um 5. mgr. 9. gr.	13
IV. Fullgilding Árósasamnings á Norðurlöndum og hjá Evrópubandalaginu.....	13
4.1 Danmörk.	13
4.2 Noregur.....	14
4.3 Svíþjóð.	14
4.4 Finnland.....	15
4.5 EB.....	15
V. Lagabreytingar vegna Árósasamningsins.....	15
5.1 Nauðsynlegar lagabreytingar vegna Árósasamningsins.	15
5.2 Niðurstaða nefndarinnar - samantekt.....	17
Fylgiskjal 1: Árósasamningurinn.....	19
Fylgiskjal 2 : Yfirlit yfir löggjöf ráðuneyta sem falla undir Árósasamningin.....	59
Fylgiskjal 3: Töfluyfirlit yfir löggjöf ráðuneyta sem falla undir Árósasamninginn	
Fylgiskjal 4: Yfirlit yfir áætlanagerð sem fellur undir lög nr. 105/2006	

I. Inngangur.

Hinn 25. febrúar 2005 skipaði umhverfiráðherra nefnd sem falið var það verkefni að fara yfir ákvæði Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum frá 25. júní 1998. Samningurinn öðlaðist gildi 30. október 2001 og hafa nú 38 ríki auk Evrópubandalagsins fullgilt samninginn en Ísland er ekki þar á meðal. Nefndin var skipuð á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands frá 30. nóvember 2004.

Hlutverk nefndarinnar var að greina efni Árósasamningsins, m.a. með hliðsjón af þeim tilskipunum Evrópusambandsins sem samþykktar hafa verið á grundvelli hans, og að greina hvaða opinberar leyfisveitingar falla undir hann. Þá var nefndinni ætlað að fara yfir það hvaða breytingar þyrfti að gera á lögum ef samningurinn yrði fullgiltur af Íslands hálfu. Nefndinni var hins vegar ekki falið að gera grein fyrir nákvæmri útfærslu hugsanlegra lagabreytinga með tillögum að lagafrumvörpum.

Í nefndinni sátu: Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri í umhverfiráðuneytinu, formaður, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfiráðuneytinu, Ásta Einarsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af sjávarútvegsráðuneytinu, Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af landbúnaðarráðuneytinu, Pétur Örn Sverrisson lögfræðingur, tilnefndur af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum, Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðingur, tilnefndur af utanríkisráðuneytinu. Hinn 14. febrúar 2006 var Atli Már Ingólfsson deildarstjóri skipaður í nefndina í stað Ingibjargar Ólafar Vilhjálmsdóttur og 31. mars 2006 var Lárus M. K. Ólafsson, lögfræðingur skipaður í nefndina í stað Péturs Arnar Sverrissonar.

Nefndin hélt alls 9 fundi.

Með bréfi umhverfiráðuneytisins til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 8. maí 2001 var óskað eftir því að síðarnefnda ráðuneytið léti í ljós afstöðu sína til þess hvort Árósasamningurinn, einkum 9. gr. hans, myndi kalla á lagabreytingar kæmi til fullgildingar samningsins af Íslands hálfu. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið leitaði af þessu tilefni til réttarfarsnefndar sem skilaði álit 17. september 2001. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að nokkur ákvæði samningsins samrýmdust ekki reglum íslensks réttarfars og fullgilding hans kallaði því óhjákvæmilega á lagabreytingar. Í skýrslu þessari er á viðeigandi stöðum vísað til afstöðu réttarfarsnefndar til einstakra ákvæða samningsins.

Á vegum umhverfiráðuneytisins var árið 2003 settur á fót starfshópur umhverfiráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að fara yfir efni Árósasamningsins og stöðu hans gagnvart íslenskum lögum og skilaði hann minnisblaði sínu til umhverfiráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra og utanríkisráðherra 7. maí 2003. Í starfshópnum sátu Ingibjörg Halldórsdóttir frá umhverfiráðuneytinu, Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneytinu og Ragna

Árnadóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Skýrsla þessi er að hluta til byggð á niðurstöðum þessa starfhóps.

Nefndin hefur gert ítarlega greiningu á því hvaða ákvæði íslenskra laga ákvæði Árósasamningsins gætu haft áhrif á. Fulltrúar þeirra ráðuneyta sem sæti áttu í nefndinni fóru í þessi skyni yfir þá löggjöf sem heyrir undir þeirra ráðuneyti. Auk þess leitaði nefndin eftir upplýsingum frá samgönguráðuneytinu og forsætisráðuneytinu um það hvort undir löggjöf þeirra ráðuneyta heyrðu leyfisveitingar sem falla undir ákvæði Árósasamningsins og bærust upplýsingar frá forsætisráðuneytinu. Niðurstaða þessarar greiningar er að finna í fylgiskjali 2, sbr. fylgiskjal 3 með skýrslu þessari.

II. Almennt um Árósasamninginn.

Árósasamningurinn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum var gerður 25. júní 1998. Þrjátíu og níu ríki undirrituðu samninginn auk Evrópubandalagsins, þ.á m. Ísland. Samningurinn öðlaðist gildi 30. október 2001. Eins og fram hefur komið hafa 38 ríki auk Evrópubandalagsins fullgilt samninginn og eru þar á meðal öll norrænu ríkin að Íslandi undanskildu.

Árósasamningurinn er ný tegund samnings um umhverfismál. Hann tengir saman umhverfissrétt og mannréttindi. Hann viðurkennir að menn hafi skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum. Samningurinn staðfestir að sjálfbærri þróun verður ekki náð án aðildar allra hagsmunaaðila og tengir saman ábyrgð stjórnvalda og umhverfisvernd. Hann beinir athyglinni að gagnverkandi áhrifum almennings og stjórnvalda í lýðræðislegu samhengi og kveður á um ný ferli varðandi þátttöku almennings í viðræðum um alþjóðlega samninga og framkvæmd þeirra.

Í formála Árósasamningsins kemur fram að það sé réttur sérhvers einstaklings að lifa í heilbrigðu umhverfi og honum beri skylda til að vernda umhverfið. Til að geta varið rétt sinn og uppfyllt skyldur sínar verði borgararnir að hafa aðgang að upplýsingum, hafa tök á því að taka þátt í ákvarðanatöku og njóta réttlátrar málsmeðferðar í umhverfismálum. Samningurinn tryggir ekki hinn efnislega rétt í umhverfismálum heldur er í honum kveðið á um málsmeðferðar- eða formreglur sem samningsaðilar skuldbinda sig til að tryggja borgurum sínum.

Þau réttindi sem samningurinn á að tryggja almenningi eru þrjúþætt:

1. Réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál.
2. Réttur almennings til þátttöku í málsmeðferð þegar undirbúnar eru ákvarðanir af hálfu stjórnvalda í umhverfismálum.
3. Aðgangur að réttlátri málmeðferð í umhverfismálum fyrir dómstólum eða öðrum óháðum og hlutlausum úrskurðaraðila.

Réttur samkvæmt 3. lið er tvíþættur. Annars vegar felst í honum að ef stjórnvald synjar um aðgang að upplýsingum um umhverfismál skuli sá sem um aðgangsins óskar eiga rétt á að bera synjunina undir dómstól eða annan óháðan úrskurðaraðila. Hins vegar felst í 3. lið að „almennigur sem málið varðar“ skuli hafa aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða

óháðum úrskurðaraðila innan stjórnvæðis vegna útgáfu leyfa til framkvæmda sem haft geta umtalsverð umhverfisáhrif eða ef stjórnvald vanrækir að krefjast leyfis fyrir tiltekinni starfsemi þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Leyfi vegna framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og heyra undir iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, forsætisráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Umhverfisverndarsamtök sem uppfylla skilyrði samkvæmt landsrétti skulu ávalt teljast falla undir hugtakið „almennigur sem málið varðar“ og njóta þannig kæruréttar samkvæmt samningnum án þess að þurfa að sýna fram á lögvarða hagsmuni.

Á vettvangi Evrópusambandsins hafa verið samþykktar tvær tilskipanir vegna fullgildingar samningsins, þ.e. tilskipun 2003/4/EB um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og tilskipun 2003/35/EB um þátttöku almennings í gerð tiltekinna áætlana og framkvæmda í tengslum við umhverfismál, og breytinga á, með tilliti til þátttöku almennings og aðgangs að réttlátri málsmeðferð, tilskipunum ráðsins 85/337/EEB og 96/61/EB. Einnig hafa ákvæði samningsins haft áhrif á ákvæði annarra tilskipana, svo sem tilskipunar 2001/42/EB um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og tilskipunar 2000/60 um vatn og vatnabúskap. Að auki hafa ákvæði Árósasamningsins haft áhrif á löggjöf um innri starfsemi sambandsins og stofnanir þess. Árið 2003 var lögð fram tillaga að tilskipun um aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Proposal for a directive of the european parliament and of the council on access to justice in environmental matters. COM(2003) 624) en hún hefur ekki verið samþykkt innan Evrópusambandsins.

Af framangreindum tilskipunum eru tvær orðnar hluti af EES-samningnum. Tilskipun 2003/4/EB hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál og tilskipun 2001/42/EB með lögum nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Á fundi undirnefndar IV hjá EFTA-skrifstofunni 22. september 2005 var ákveðið að innleiða ekki tilskipun 2003/35/EB að sinni inn í EES-samninginn og var tilskipunin því tekin af dagskrá nefndarinnar um sinn („SCIV accepted the proposal from SCV concerning Directive 2003/35/EC, that is, not to pursue the incorporation of the Directive for the time being. The Act was therefore taken of the Agenda for the time being.“)

III. Greining á ákvæðum Árósasamningsins og stöðu hans gagnvart íslenskum lögum.

3.1 Réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál, 4. og 5. gr.

Í 4. gr. Árósasamningsins er fjallað um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og í hvaða tilvikum megi hafna slíkum aðgangi. Í 5. gr. er fjallað um söfnun og dreifingu upplýsinga um umhverfismál, m.a. í þeim tilgangi að þær séu fyrir hendi og að þær séu sem aðgengilegastar.

Samkvæmt ákvæðum Árósasamningsins skulu ekki einungis ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra veita almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, heldur nær sú skylda einnig til

einstaklinga og lögpersóna sem hafa opinbera ábyrgð eða hlutverk ellegar veita opinbera þjónustu í tengslum við umhverfið.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samningsins skal hver maður, sem telur að beiðni hans um aðgang að upplýsingum skv. 4. gr. hafi verið hafnað, hafa aðgang að áfrýjunarleið fyrir dómstólum eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila.

Hér á landi eru í gildi lög nr. 23/2006, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem byggjast á tilskipun 2003/4/EB um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál. Lögin ná til stjórnvalda í hefðbundnum skilningi en einnig til einstaklinga og lögpersóna sem hafa opinbera ábyrgð eða hlutverk ellegar veita opinbera þjónustu í tengslum við umhverfið. Synjun um aðgang að gögnum um umhverfismál er kæránleg til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Ákvæði laganna eru í samræmi við ákvæði Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum um umhverfismál, enda byggjast þau á ákvæðum tilskipunar 2003/4/EB sem sett var af hálfu Evrópusambandsins vegna fullgildingar samningsins.

3.2 Þátttaka almennings í ákvarðanatöku, 6.–8. gr.

3.2.1 6. gr.

Í 6. gr. Árósasamningsins er kveðið á um þátttöku almennings í ákvarðanatöku sem lýtur að einstökum framkvæmdum sem áhrif hafa á umhverfið. Ákvæðið nær til ákvarðana um hvort leyfa eigi fyrirhugaða starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við samninginn auk annarrar starfsemi sem kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Orðalag 6. gr., sbr. viðauki I við samninginn bendir til þess að ákvæðið nái til þeirra framkvæmda sem eru matsskyldar eða kunna að vera matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, en þessar framkvæmdir eru tilgreindar í 1. og 2. viðauka þeirra laga.

Ákvæði 6. gr. Árósasamningsins felur það í sér að gefa skuli almenningi kost á að taka þátt í töku ákvarðana um útgáfu leyfa fyrir tiltekinni starfsemi sem haft getur áhrif á umhverfið. Nánar tiltekið felur ákvæðið í sér eftirfarandi:

- Upplýsa skal almenning sem málið varðar um umsókn um leyfi og fyrirhugað ferli ákvarðanatöku.
- Sanngjarnir tímafrestrir skulu veittir til að gefa almenningi kost á að gera athugasemdir og koma að sínum sjónarmiðum áður en endanleg ákvörðun er tekin.
- Þátttaka almennings skal vera snemma í ferlinu á meðan allir valkostir eru fyrir hendi.
- Veita skal almenningi sem málið varðar aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta varðandi ákvarðanatökuna.
- Tryggja skal að við ákvarðanatöku sé tekið eðlilegt tillit til niðurstöðu af þátttöku almennings.
- Almeningur skal upplýstur um ákvörðun þegar hún liggur fyrir og röksemdir fyrir henni.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. breyting á þeim lögum og skipulags- og byggingarlögum nr. 74/2005, og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005, er að finna ítarlegar reglur um framkvæmd mats á umhverfisáhrifum og kynningu fyrirhugaðra matsskyldra framkvæmda fyrir almenningi. Samkvæmt lögnum skal framkvæmdaraðili gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er, sbr. 8. gr. laganna. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun skal m.a. lýsa framkvæmdinni, hvaða leyfum hún er háð og hvernig staðið verður að kynningu fyrir almenningi og öðru samráði. Samkvæmt 14. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaraðili kynna tillögu að matsáætlun með auglýsingu sem vísi á veraldarvefinn og gefa almenningi kost á að lágmarki tveggja vikna fresti til að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna. Framkvæmdaraðili getur auk þess kynnt tillöguna á almennum kynningarfundum eða í opnu húsi. Í framhaldi af gerð matsáætlunar og kynningu hennar vinnur framkvæmdaraðili skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Sú skýrsla kallast frummatsskýrsla og er hún kynnt almenningi sem hefur sex vikur til að koma á framfæri athugasemdum um málið. Framkvæmdaraðili vinnur svo matsskýrslu að loknum athugasemdafresti. Í 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum kemur síðan fram að við útgáfu leyfis til framkvæmdar skuli leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitandi skal birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruehimild og kærufrest þegar það á við.

Nefndin telur að framangreind ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og reglugerðar sem sett hefur verið samkvæmt þeim tryggi með fullnægjandi hætti þau þátttökuréttindi almennings sem kveðið er á um í 6. gr. Árósasamningsins. Telur nefndin að þar sem þær framkvæmdir sem falla undir 6. gr. samningsins eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum eigi þátttökuréttur almennings að vera tryggður með ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Einungis ein undantekning er á því, en í 11. mgr. 6. gr. Árósasamningsins segir að beita skuli ákvæðum þeirrar greinar, að því marki sem unnt er og við á, um ákvarðanir um hvort leyfa beri vísitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Umhverfisstofnun veitir leyfi til að sleppa og dreifa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið, sbr. lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, en sú aðgerð er ekki meðal þeirra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Í lögum um erfðabreyttar lífverur eru ákvæði um að Umhverfisstofnun sé heimilt að efna til opinis áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin, sbr. 27. gr. Ef til vill telst það nægjanlegt í ljósi milds orðalags 11. mgr. 6. gr. Árósasamningsins. Innan Evrópusambandsins hefur hins vegar verið samþykkt ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um vísitandi sleppingar erfðabreyttra lífvera út í náttúruna, nr. 2001/18/EB sem ekki hefur verið innleidd í íslenskan rétt. Sú tilskipun, þegar hún hefur verið felld inn í EES-samninginn, kallar m.a. á breytingar á ákvæðum laganna varðandi upplýsingar til almennings.

Eins og áður sagði gerði nefndin greiningu á því hvaða leyfisveitingar falla undir ákvæði 6. gr., sbr. viðauki I við Árósasamninginn. Þessar leyfisveitingar falla undir löggjöf á fagsviðum iðnaðar-, landbúnaðar-, sjávarútvegs-, forsætis-, og umhverfisráðuneytis. Farið var yfir það undir hvaða lög þessi leyfi falla, hvaða ákvæði 1. eða 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum ættu við þær framkvæmdir sem þessi leyfa varða og hvort uppfyllt væru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins um þátttöku almennings í töku ákvörðunar um útgáfu leyfis. Í fylgiskjali 2 og 3 með skýrslu þessari er að finna yfirlit yfir þessa greiningu nefndarinnar. Dæmi um leyfi sem hér

um ræðir eru rannsóknarleyfi til að leita að auðlind á tilteknu svæði, rekstrarleyfi Landbúnaðarstofnunar til fiskeldis og hafbeitar og starfsrækslu fiskeldisstöðva, rekstrarleyfi Fiskistofu til eldis nytjastofna og framkvæmda- og byggingarleyfi sveitarstjórna vegna matsskyldra framkvæmda. Niðurstaða nefndarinnar er eins og áður segir að með lögum nr. 74/2005 um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum, sé tryggt samræmi við ákvæði 6. gr. Árósasamningsins.

3.2.2 7. - 8. gr.

Í 7. og 8. gr. samningsins er fjallað um þátttöku almennings í ákvörðunum varðandi áætlanir, verkefni og stefnumótun um umhverfismál og undirbúning bindandi reglna sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Þessi ákvæði eru ekki eins afdráttarlaust orðuð og 6. gr. og svigrúm samningsaðila við túlkun þeirra því meira. Sett hafa verið lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, en með lögnum er innleidd í íslenskan rétt tilskipun nr. 2001/42/EB um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið. Tilskipunin er í samræmi við 7. gr. Árósasamningsins og eru ákvæði laganna því einnig í samræmi við umrætt ákvæði samningsins. Lög um umhverfismat áætlana taka til áætlana stjórnvalda sem unnar eru samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Í fylgiskjali 4 með skýrslu þessari er listi yfir þær áætlanir sem falla undir lögin.

Í 8. gr. Árósasamningsins er hvatt til þess að drög að reglugerðum og lagafrumvörpum séu kynnt almennungi á undirbúningsstigi. Undanfarin misseri hafa ráðuneyti í ríkari mæli kynnt drög að frumvörpum og reglugerðum á netsíðum sínum. Dæmi um þetta eru frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál, frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til mannvirkjalaga og frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. Þannig er almennungi gefið tækifæri til að koma með athugasemdir sínar við frumvörpin áður en gengið er frá endanlegum frumvarpstexta. Slíkt umsagnarferli fer oftast fram jafnhliða því að frumvörp eru send til umsagnar tilgreindra aðila.

Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins um „Einfaldara Ísland“ skilaði tillögu sinni að aðgerðaráætlun í september 2006. Í tillögum nefndarinnar er m.a. gert ráð fyrir að með öllum stjórnarfrumvörpum fylgi gátlisti sem sýni að gætt hafi verið að ákveðnum lykilatriðum við undirbúning frumvarpa. Þar er meðal annars tiltekið að gera skuli grein fyrir hvernig samráði og kynningu lagafrumvarpa hafi verið háttáð. Koma skal fram hvort og þá hvaða aðilum hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um efni frumvarps og eftir atvikum hvernig því samráði hafi verið hagað. Slíkt ferli er talinn liður í því að að stuðla að vönduðum vinnubrögðum við gerð lagafrumvarpa þar sem það á við.

3.3 Aðgangur að réttlátri málsmeðferð, 9. gr.

3.3.1 1. mgr. 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samningsins skal hver maður, sem telur að beiðni hans um aðgang að upplýsingum skv. 4. gr. hafi verið hafnað, hafa aðgang að áfrýjunarleið fyrir dómstólum eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila. Fjallað er um 1. mgr. 9. gr. Árósasamningsins í kafla 3.1 hér

að framan varðandi aðgang að réttlátri málsmeðferð vegna beiðni um upplýsingar um umhverfismál.

3.3.2 2. mgr. 9. gr.

Samkvæmt íslenskri dómaframkvæmd og í samræmi við fræðikenningar á sviði réttarfars verður sá sem höfðar dómsmál fyrir íslenskum dómstólum að hafa sjálfur lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeim kröfum sem hann gerir þar. Ber hann sönnunarbyrðina um tilvist þeirra hagsmuna ef efni eru til að draga þá í efa.

Í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er kveðið á um að einstaklingar sem málið varðar skuli hafa aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum eða hlutlausum aðila samkvæmt lögum til að véfengja lagagildi sérhverrar ákvörðunar, hvað varðar efni og form aðgerðar eða aðgerðarleysis samkvæmt ákvæðum 6. gr. samningsins. Samtök sem starfa að umhverfisvernd skulu alltaf teljast eiga hagsmuna að gæta. Réttarfarsnefnd bendir í álitinu sínu frá 17. september 2001 á að svo rúm skilyrði fyrir aðgangi að dómstólum stangist á við kröfur um lögvarða hagsmuni sem mótast hafa hér á landi í dómaframkvæmd og fræðikenningum. Telur réttarfarsnefnd því að ákvæði 2. mgr. 9. gr. samningsins myndi kalla á breytingar á íslenskri réttarfarslöggi. Mælir réttarfarsnefnd ekki með því að slík breyting gengi lengra en brýna nauðsyn bæri til vegna ákvæða samningsins. Nærtækast væri að slíkt yrði gert með sérlögum, en ekki með breytingum á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Yrði jafnframt að taka af skarið um að sömu reglur ættu að gilda um kröfu um lögbann, sbr. 4. mgr. 9. gr. samningsins.

Önnur möguleg endurskoðunarleið skv. 2. mgr. 9. gr. er kæruleið innan stjórnsýslunnar. Samkvæmt íslenskum lögum er æðsta úrskurðarvald innan stjórnsýslunnar ýmist hjá sjálfstæðum úrskurðarnefndum eða ráðherra. Nefnd þessi telur vafasamt að ráðherra myndi teljast óháður eða hlutlaus úrskurðaraðili í skilningi samningsins. Í skýringarriti samningsins er vísað til túlkunar á hugtaki „independent and impartial bodies“ á sviði mannréttindasáttmála Evrópu. Í skýringarritinu segir: „Independent and impartial“ bodies do not have to be courts, but must be quasi-judicial, with safeguards to guarantee due process, independent of influence by any branch of government and unconnected to any private entity.“

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis vegna matsskyldra framkvæmda kærana til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem uppfylla tiltekin skilyrði geta kært útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa. Sú kæruleið myndi því samræmast framangreindum ákvæðum Árósasamningsins. Allar framkvæmdir sem falla undir 2. mgr. 6. gr. samningsins eru háðar framkvæmda- eða byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Auk framkvæmda- og byggingarleyfa eru framkvæmdir sem hér um ræðir oft háðar öðrum leyfum samkvæmt lögum. Nefndin telur að ákvæði Árósasamningsins nái til allra leyfisveitinga sem varða framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Lagaákvæði um slíkar leyfisveitingar þurfi því einnig að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. samningsins um kæruleiðir og kærnaðild. Dæmi um slík leyfi eru starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skv. 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, rekstrarleyfi til fiskeldis samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, leyfi samkvæmt lögum um eldi nytjastofna sjávar nr. 33/2002, leyfi samkvæmt nýjum raforkulögum, nr. 65/2003, leyfi

samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 og leyfi samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins nr. 73/1993. Gerð er ítarleg grein fyrir þessum lagaákvæðum um leyfisveitingar í fylgiskjali 2, sbr. fylgiskjal 3 með skýrslu þessari. Misjafnt er hvort unnt er að kæra slíkar leyfisveitingar til æðra stjórnvalds þar sem útgáfa leyfanna er stundum í höndum ráðherra. Sé útgáfa leyfis á hendi lægra setts stjórnvalds er að jafnaði unnt að kæra útgáfuna til viðkomandi ráðherra á grundvelli stjórnsýslulaga. Eingöngu þegar um er að ræða framkvæmda- og byggingarleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum og hollustuháttastarfsleyfi heilbrigðisnefnda skv. 4. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er útgáfa slíkra leyfa kæránleg til sérstakrar úrskurðarnefndar. Að því leyti samræmast lagaákvæði um leyfisveitingar því almennt ekki ákvæði Árósasamningsins um að ákvörðun skuli vera kæránleg til óháðs úrskurðaraðila.

Aðild að kærumáli vegna útgáfu leyfis innan stjórnsýslunnar er bundin við þá sem eiga lögvarða hagsmuni af úrlausn máls. Sama má segja um heimild til að leggja slíkt mál fyrir dómstóla. Þar gildir hin ólögfesta meginregla að sá sem höfðar dómsmál fyrir íslenskum dómstólum þurfi að hafa sjálfur lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeim kröfum sem hann gerir þar. Umhverfisverndarsamtök hafa því almennt ekki heimild til að kæra leyfisveitingar í umhverfismálum til æðra stjórnsýslustigs né heimild til að leggja slíkt mál fyrir dómstóla nema þeim takist að sýna fram á lögvarða hagsmuni í viðkomandi máli eða að þau hafi átt aðild að málinu innan stjórnsýslunnar.

3.3.3 3. mgr. 9. gr.

Í 3. mgr. 9. gr. Árósasamningsins segir: „Til viðbótar og að óskertum þeim endurskoðunarleiðum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. hér að framan, skal sérhver aðili tryggja að uppfylli einstaklingar þau viðmiðunarskilyrði, ef einhver eru, sem kveðið er á um í landslögum skuli þeir hafa aðgang að stjórnsýslu- og dómstólaleiðum til að véfengja aðgerðir og aðgerðaleyfi af hálfu einstaklinga og opinberra yfirvalda sem ganga gegn ákvæðum eigin landslaga um umhverfið“.

Ákvæði þetta er mjög óljóst og þarfnast túlkunar. Afar misjafnt er hvernig aðildarríki samningsins hafa innleitt ákvæðið og hvort þau hafa talið ákvæðið kalla á lagabreytingar. Evrópubandalagið fullgilti Árósasamninginn þrátt fyrir að tilskipun (Proposal for a directive of the european parliament and of the council on access to justice in environmental matters. COM(2003) 624) sem verið hefur í undirbúningi vegna ákvæðisins hafi ekki verið samþykkt.

Nefndin telur ljóst að veita yrði umhverfisverndarsamtökum kærurétt á grundvelli ákvæðisins á sama hátt og 2. mgr. 9. gr. kveður á um. Samkvæmt 3. mgr. á að vera hægt að kæra aðgerðir og aðgerðaleyfi af hálfu einstaklinga og opinberra yfirvalda sem ganga gegn ákvæðum eigin landslaga um umhverfið. Hvað varðar aðgerðir og aðgerðarleysi af hálfu einstaklinga hafa eftirlitsstjórnvöld og lögregla því hlutverki að gegna að hafa eftirlit með því að ákvæði íslenskra laga séu virt. Almennt eru ekki takmarkanir á því hverjir geta kært eða vakið athygli slíkra stjórnvalda á brotum á lögum. Ákvæði íslenskra laga ættu því hvað þann þátt varðar að vera í samræmi við Árósasamninginn.

Aðgerðir og aðgerðarleysi af hálfu opinberra aðila er hins vegar annað mál. Í fyrsta lagi er ekki í Árósasamningnum skýrt nánar hvað átt er við með aðgerðum og aðgerðarleysi („acts and

omissions“). Í framangreindri EB-tillögu, sem eins og áður segir hefur ekki öðlast lagagildi innan Evrópusambandsins, er gengið út frá því að um lagalega bindandi ákvarðanir sé að ræða. Þar er einnig tekið fram að einungis er um aðgerðarleysi að ræða ef stjórnvaldið gerir ekki eitthvað sem því er samkvæmt lögum skylt að gera. Þar eru þessi hugtök skilgreind með eftirfarandi hætti:

„„administrative act“ means any administrative measure taken by a public authority under environmental law, which has a legally binding and external effect.”

„„administrative omission“ means any failure of a public authority to take administrative action under environmental law, where it is legally required to do so.“

Í öðru lagi er Árósasamningurinn opinn varðandi það hvað telst til „ákvæða landslaga um umhverfið“. Í EB-tillögunni er „environmental law“ skilgreint sem „legislation which have as their objective the protection or the improvement of the environment, including human health and the protection or the rational use of natural resources, in areas such as:

- i) water protection
- ii) noise protection
- iii) soil protection
- iv) atmospheric pollution
- v) town and country planning and land use
- vi) nature conservation and biological diversity
- vii) waste management
- viii) chemicals including biocides and pesticides
- ix) biotechnology
- x) other emissions, discharges and releases in the environment
- xi) environmental impact assesment
- xii) access to environmental information and public participation in decision-making.“

Ekki er hægt að fullyrða um það í hvaða tilvikum þessi „kæruréttur“ stofnast. Samkvæmt íslenskum rétti er öllum frjálst að gera athugasemdir við starfshætti stjórnvalda og er viðkomandi stjórnvald skuldbundið samkvæmt meginreglu stjórnsýsluréttar til að svara slíku erindi, sbr. m.a. álit umboðsmanns Alþingis nr. 3540/2002. Telji viðkomandi svör stjórnvaldsins óviðunandi getur hann snúið sér til umboðsmanns Alþingis eða hugsanlega viðkomandi ráðuneytis sem ábyrgð ber á málaflokknum. Svíar telja sitt kerfi með eftirlitsstjórnvöldum og umboðsmanni uppfylla kröfur 3. mgr. 9. gr. Árósasamningsins. Aðrar Norðurlandþjóðir virðast ekki heldur hafa gert breytingar á lögum vegna 3. mgr. 9. gr. sem bendir til þess að þar hafi verið talið að orðalag ákvæðisins væri nægilega opið til að ekki þyrfti að innleiða það með beinum hætti og að innra eftirlitskerfi þeirra með stjórnvöldum veiti fullnægjandi aðhald til að uppfylla 3. mgr. 9. gr. Nefndin telur að túlka mætti ákvæðið með sama hætti hér á landi.

3.3.4 4. og 5. mgr. 9. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. Árósasamningsins skal við meðferð máls samkvæmt 1.–3. mgr. 9. gr. veita virk úrræði, þar á meðal með lögbanni þar sem við á, og skulu þau m.a. vera sanngjörn, réttlát og ekki óheyrilega dýr. Enn fremur skulu aðildarríki samkvæmt 5. mgr. 9. gr. huga að því að koma á aðstoð til þess að fjárhagslegar hindranir standi ekki í vegi því að mál verði lagt fyrir stjórnvöld eða dómstóla.

Réttarfarsnefnd telur að 4. og 5. mgr. 9. gr. myndi kalla á lagabreytingar. Bent er á í fyrrnefndu álitni frá 17. september 2001 að kostnaður af lögfræðilegri þjónustu við rekstur máls á sviði sammingsins fyrir dómstólum gæti orðið verulegur, svo og að sá, sem höfði slíkt mál, gæti verið dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Ef leitað yrði lögbanns vegna máls á þessu sviði yrði sá, sem það gerði, að leggja fram tryggingu samkvæmt 30. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Yrði að ákveða fjárhæð þeirrar tryggingar meðal annars með tilliti til þess tjóns sem stöðvun aðgerða með lögbanni kynna að baka þeim sem því yrði beint að. Ekki verði annað ráðið af ákvæðum sammingsins en að íslenska ríkið gæti með fullgildingu hans talist skuldbinda sig til að gera þeim, sem leita vildi lögbanns eða höfða mál hér á landi um atriði á sviði sammingsins, fjárhagslega kleift að láta verða af aðgerðum sínum. Þetta kynni að leiða til þess að setja yrði sérreglur þar sem vikið yrði frá gildandi reglum um gjafsókn, sbr. XX kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og eftir atvikum lögbannstryggingu, sbr. áður nefnda 30. gr. laga nr. 31/1990. Það er loks mat réttarfarsnefndar að gera yrði þessar lagabreytingar með sérlögum.

3.3.4.1 Nánar um lögbann og tryggingu vegna þess.

Með lögbanni er leitast við að tryggja að ekki verði af athöfn sem er byrjuð eða yfirvofandi og sýnt er nægilega fram á að muni brjóta gegn lögvörðum rétti þess er lögbanns krefst (gerðarbeiðanda). Þannig er, til bráðabirgða, komið í veg fyrir að athöfn eigi sér stað meðan gerðarbeiðandi aflar dóms eða eftir atvikum annars konar aðfararheimildar um skyldu gagnaðilans til að láta ekki verða af athöfn sinni.

Um lögbann er fjallað í IV. kafla laga um kyrrsetningu, lögbann ofl. nr. 31/1990. Trygging fyrir tjóni sem lögbann kann að baka gerðarþola, sé hennar krafist af sýslumanni, er meðal forsendna þess að lögbann verði lagt á athöfn, sbr. 30. gr. tilvitnaðra laga. Tryggingar er nánast ávallt krafist, enda um bráðabirgðagerð að ræða, þ.e. um ódæmda kröfu. Þegar fyrir liggur að lögbann verður lagt á tekur sýslumaður samkvæmt 30. gr. laganna ákvörðun um endanlega fjárhæð tryggingar gerðarbeiðanda en sýslumaður lýkur ekki við framkvæmd gerðar nema gerðarbeiðandi setji hana.

Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. fyrrgreindra laga er beint og afleitt tjón gerðarþola og miski sem hann kann að verða fyrir af stöðvun athafna höfð til hliðsjónar þegar fjárhæð tryggingar við lögbann er ákveðin. Með öðrum orðum metur sýslumaður fjárhæð tryggingar út frá þeim fjárhagslegu hagsmunum sem eru í veði og hvert sé mögulegt tjón gerðarþola gagnvart því að óréttmætt lögbann nái fram að ganga, auk þess málskostnaðar sem hann kann að þurfa að leggja í til að verjast kröfu gerðarbeiðanda.

3.3.4.2 Um 4. mgr. 9. gr.

Ákvæði 4. mgr. 9. gr. hljóðar svo í íslenskri þýðingu: „Til viðbótar og án þess að skerða 1. mgr. hér að framan skulu leiðirnar sem vísað er til í 1., 2. og 3. mgr. hér að framan veita fullnægjandi og virkar úrbætur, þar með lögbannsleið eins og við á, og vera sanngjarnar, réttlátar, á réttum tíma og ekki óheyrilega dýrar...“.

Í frumtexta samningsins á ensku er orðnotkunin „prohibitively expensive“. Í danskri þýðingu samningsins er orðasambandið „uoverkommeligt dyre“ notað sem í íslenskri þýðingu merkir óviðráðanlega dýrar.

Óhjákvæmilegt er að ríkin meti sjálf hvenær þessar leiðir verði taldar óviðráðanlega dýrar. Í raun gefur orðalag samningsins það í skyn að leiðirnar mega ekki vera það dýrar að þær komi í veg fyrir eða hindri málshöfðun. Því þarf í raun mikið að koma til áður en reglur um greiðslu tryggingar teljist brjóta í bága við samninginn.

Á hinn bóginn verður að hafa í huga að framkvæmdir á sviði umhverfismála geta verið gífurlega umfangsmiklar og gætu því reglur um setningu tryggingar orðið til þess að almenningi sé ókleift að krefjast lögbanns vegna slíkra framkvæmda.

3.3.4.3 Þörf á lagabreytingum er varða lögbann.

Eins og fram kom í kafla 3.3.2 myndi 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins kalla á breytingu á aðild að kröfu um lögbann.

Auk þess myndi 4. mgr. 9. gr. samningsins hugsanlega kalla á breytingar á ákvæðum er lúta að setningu tryggingar vegna lögbanns, sbr. 30. gr. laga nr. 31/1990, þar sem þau geta leitt til þeirrar niðurstöðu að sú leið, að fá lagt á lögbann, sé óviðráðanlega dýr í skilningi samningsins. Breytingarnar gætu annað hvort lotið að því að fjarlægja skilyrði um lögbannstryggingar með öllu eða að koma á viðmiðunarfjárhæðum hvað varðar þær tryggingar sem setja þarf í málum er tengjast þessu sviði. Huga þyrfti vel að slíkum ákvæðum með tilliti til jafnræðisreglu og réttar gerðarþola svo eitthvað sé nefnt.

3.3.4.4 Um 5. mgr. 9. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. samningsins verður aðildarríki að samningnum að huga að því að koma á aðstoð til þess að fjárhagslegar hindranir standi ekki í vegi fyrir því að mál verði lagt fyrir stjórnvöld eða dómstóla. Í þessu ákvæði felst ekki bein skylda, og kallar því ákvæðið að mati nefndarinnar ekki á lagabreytingar. Benda má á í þessu sambandi að samkvæmt reglum um gjafsókn má veita einstaklingi hana ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirjáanlega ofviða enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé, sbr. 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 2. gr. laga nr. 7/2005.

IV. Fullgilding Árósasamnings á Norðurlöndum og hjá Evrópubandalaginu.

4.1 Danmörk.

Danmörk fullgilti Árósasamninginn 29. september 2000. Var valin sú leið að tryggja aðgang að óháðum eða hlutlausum aðila í stjórnslunni, þ.e. stjórnslunefndum á umhverfissviði. Allmörgum lögum var breytt í þessu skyni en ekki réttarfarslögjöfni. Danska dómsmálaráðuneytið hefur metið það svo að Árósasamningurinn kalli fyrst og fremst á stjórnslubreytingar í umhverfismálum og því sé ekki þörf á breytingum á lögum sem falla undir það ráðuneyti.

4.2 Noregur.

Hinn 20. febrúar 2003 samþykkti Stortinget lagabreytingar til að unnt væri að fullgilda Árósasamninginn og tóku þær gildi 1. janúar 2004. Meginbreytingin felst í nýjum lögum um aðgang að upplýsingum um umhverfismál (miljöinformasjonsloven). Lögin auka rétt almennings til aðgangs að slíkum upplýsingum og ganga þau í ákveðnum tilvikum lengra en upplýsingalögin (offentlighetsloven). Auk þess er réttur almennings til að hafa áhrif á ákvarðanatöku í mikilvægum umhverfismálum aukinn.

Ekki var talin þörf á breytingum á lögum um réttarfar (tvistemålsloven) hvað varðar aðgang að dómstólum. Í 54. gr. þeirra er ákvæði um lögvarða hagsmuni, en það virðist vera túlkað nokkuð rúmar en ákvæði íslenskra réttarfarslaga. Umhverfissamtök geta, að vissum skilyrðum uppfylltum, höfðað mál. Norðmenn telja því að skilyrðum 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins um aðgang að dómstólum sé að þessu leyti fullnægt.

Aftur á móti var talin þörf á breytingu á lögum um fullnustu (tvangsfullbyrdelsesloven) að því er varðar skaðabótaskyldu gerðarbeiðanda og kröfu um tryggingu. Norðmenn telja að ákvæði 4. mgr. 9. gr. samningsins endurspegli meginreglu sem beri að meta í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi eru hverju sinni. Ekki sé því ástæða til að falla frá skaðabótaskyldu og kröfu um tryggingu í öllum umhverfismálum. Það verði einungis gert þegar krafa um lögban er sett fram í munnlegum málflutningi og gerðarþoli hefur haft tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum að. Enn fremur verði gerðarbeiðandi aðeins gerður skaðabótaskyldur hafi hann gerst sekur um gáleysi.

4.3 Svíþjóð.

Hinn 15. maí 2005 tóku gildi nokkrar lagabreytingar í Svíþjóð til að fullgilda Árósasamninginn. Réttindi sem Árósasamningurinn tryggir almenningsi var að meginsteftu fyrir hendi áður en gera þurfti nokkrar nauðsynlegar lagabreytingar vegna fullgildingar samningsins. Breytingarnar felast m.a. í nýjum lögum um aðgang að upplýsingum um umhverfismál (lag om miljøinformation hos vissa enskilda organ). Þá voru gerðar breytingar á (sekretesslagen 1980:100) sem varðar einnig aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Einnig voru gerðar breytingar á umhverfislögunum (miljöbalken 1998:808) m.a. varðandi heimild almennings til að tilkynna um vanrækslu til eftirlitsstjórnvalda. Jafnframt voru gerðar breytingar á nokkrum sérlögum eins og vegalögum (väglagen 1971:1948), loftferðarlögum (luftfartslagen 1954:297) og námulögum (minerallagen 1991:45) þannig að umhverfisverndarsamtök hafi heimild til að kæra ákvörðun um leyfisveitingar sem falla undir samninginn.

4.4 Finnland.

Finnland hefur fullgilt Árósasamninginn, sbr. lög sem samþykkt voru 13. ágúst 2004, en þau tóku gildi 30. nóvember 2004. Líkt og í Svíþjóð voru þau réttindi sem Árósasamningurinn kveður á um að meginstefnu til tryggð samkvæmt finnskri löggjöf. Einungis þurfti að gera minniháttar breytingar á löggjöf til að fullgilda samninginn. Þar er um að ræða breytingar á kjarnorkulögum, (Lag om ändring av kärnenergilagen 769:2004) og (Lag om hur vissa projekt som påverkar användningen av miljön skall handläggas i ett inlösningsförfarande 768:2004).

4.5 EB.

Evrópubandalagið hefur fullgilt samninginn af sinni hálfu eins og fram hefur komið og hefur það í því skyni samþykkt tilskipun 2003/4/EB um þátttöku almennings í gerð tiltekinna áætlana og framkvæmda í tengslum við umhverfismál og breytingar á, með tilliti til þátttöku almennings og aðgangi að réttlátri málsmeðferð, tilskipunum ráðsins 85/337/EEB og 96/61/EB, til að aðlaga löggjöf sína að ákvæðum Árósasamningsins. Einnig hafa ákvæði samningsins haft áhrif á ákvæði annarra tilskipana, svo sem tilskipunar 2001/42/EB og tilskipunar 2000/60. Að auki hafa ákvæði Árósasamningsins haft áhrif á löggjöf um innri starfsemi ESB og stofnanir þess. Vísast að öðru leyti til kafla II hér að framan.

V. Lagabreytingar vegna Árósasamningsins

5.1 Nauðsynlegar lagabreytingar vegna Árósasamningsins.

Kæmi til fullgildingar Árósasamningsins af Íslands hálfu myndu að mati nefndarinnar einkum ákvæði 9. gr. Árósasamningsins kalla á lagabreytingar hér á landi en þau varða svonefndan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Ákvæðin myndu kalla á breytingar á aðgangi „almennings er málið varðar“ að kæruleið annaðhvort fyrir dómstólum eða innan stjórnslunnar, vegna ákvarðana stjórnvalda um útgáfu leyfa til framkvæmda sem haft geta umtalsverð áhrif á umhverfið. Eins og áður hefur komið fram teljast einstaklingar sem hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls og umhverfisverndarsamtök til „almennings sem málið varðar“ í skilningi samningsins. Samkvæmt Árósasamningnum geta aðildarríki sjálf ákveðið hvaða lágmarksskilyrði umhverfisverndarsamtök þurfa að uppfylla til að geta öðlast slíkan kærurétt. Dæmi um slík skilyrði, sem þegar hafa verið sett í íslensk lög, er að finna í skipulags- og byggingarlögum, en þar segir að umhverfisverndarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi geti kært framkvæmda- og byggingarleyfi, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kærán lýtur að. Umhverfisverndarsamtök í skilningi laganna eru samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennt aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

Verði samningurinn fullgiltur þarf að taka ákvörðun um það hvort fara skuli svokallaða stjórnarsýsluleið eða dómstólaleið við gerð lagabreytinga og er hér gerð nánari grein fyrir þessum tveimur leiðum.

Stjórnarsýsluleið: Réttur umhverfisverndarsamtaka og þeirra, sem lögvarða hagsmuni hafa af úrlausn kærumáls, til að fá endurskoðaða ákvörðun um veitingu leyfis á sviði umhverfismála verði tryggður innan stjórnarsýslunnar með kærurétti til úrskurðarnefndar. Þessi leið var m.a. farin í Danmörku. Þegar eru starfandi tvær úrskurðarnefndir á sviði umhverfismála, þ.e. úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einungis skipulags- og byggingarlög samræmast að fullu ákvæðum sammingsins að þessu leyti, þar sem þar er gert ráð fyrir að umhverfisverndar- og hagsmunasamtök og þeir sem hafa lögvarða hagsmuni geti kært ákvarðanir sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdar- og byggingarleyfis vegna matsskyldra framkvæmda til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Hins vegar þarf einnig að kveða á um kæruleiðir til sérstakra úrskurðarnefnda vegna leyfisveitinga á grundvelli annarra laga á sviði umhverfismála, svo sem vegna leyfisveitinga á sviði orkumála, fiskeldis og efnistöku, þegar um matsskyldar framkvæmdir er að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem ljóst er að almennt eru ekki fyrir hendi óháðir úrskurðaraðilar þegar um framangreindar leyfisveitingar er að ræða og ekki er kærueimild fyrir hendi í þeim tilvikum er ráðherra gefur út leyfi, er ljóst að þessi leið kallar á settar verði á fót úrskurðarnefndir. Taka þyrfti til skoðunar hvort ekki væri rétt að setja á fót eina sameiginlega úrskurðarnefnd sem hefði það hlutverk að taka við kærumálum vegna þeirra leyfisveitinga sem hér um ræðir. Slíkt myndi einfalda og samræma stjórnarsýslu á þessu sviði og jafnframt gera hana skilvirkari. Yrði stjórnarsýsluleiðin farin kallaði það á breytingar á stjórnarsýslu þessara mála þannig að leyfisveitingarferlið yrði fært til lægra setts stjórnvalds, svo sem stofnana á vegum ráðuneytanna, auk þess sem settar yrðu upp sjálfstæðar úrskurðarnefndir/nefnd sem gætu tekið kærumál vegna leyfisveitinga til úrskurðar.

Hvað varðar leyfisveitingar á vegum iðnaðarráðuneytisins er rétt að benda á að unnið er að yfirfærslu leyfisveitinga frá ráðuneytinu til Orkustofnunar. Nú þegar er iðnaðarráðherra heimilt skv. 32. gr. raforkulaga nr. 65/2003 að framselja Orkustofnun leyfisveitingarvald sitt samkvæmt lögnum. Í drögum að frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr. 13/2001 er lagt til að Orkustofnun annist umsýslan leyfisveitinga sem nú falla undir iðnaðarráðherra. Í framangreindum frumvörpum er lagt til að Orkustofnun verði veitt heimild til leyfisveitinga ásamt því að eftirlitshlutverk stofnunarinnar er skýrt nánar og sæta stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem teknar eru á grundvelli laganna, kæru til iðnaðarráðherra.

Dómstólaleið: Réttur frjálsra félagasamtaka til að fá endurskoðaða ákvörðun um veitingu leyfis á sviði umhverfismála verði tryggður með því að veita þeim aðgang að almennum dómstólum. Eins og áður segir samrýmist slíkur aðgangur ekki meginreglu íslensks réttarfars um að sá, sem höfðar dómsmál fyrir íslenskum dómstólum, verði að hafa sjálfur lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeim kröfum sem hann gerir þar. Þyrfti því að setja í lög slíka sérreglu, verði „dómstólaleiðin“ valin.

Þess ber að geta að frjáls félagasamtök sem hafa átt aðild að kærumáli í stjórnarsýslunni, t.d. vegna úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum, geta borið undir dómstóla hvort farið hafi verið að lögum

við meðferð málsins og úrlausn, sbr. dóm Hæstaréttar frá 12. júní 2002 vegna úrskurðar umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

5.2 Niðurstaða nefndarinnar - samantekt.

Fullgilding Árósasamningsins myndi að mati nefndarinnar kalla á eftirfarandi breytingar á íslenskum lögum:

1. Tryggja þyrfti að unnt yrði að leggja ákvarðanir um útgáfu leyfa vegna matsskyldra framvæmda fyrir dómstóla eða óháða úrskurðaraðila til endurskoðunar og að umhverfisverndarsamtök gætu átt aðild að slíkum málum. Í því sambandi væri unnt að velja á milli eftirfarandi tveggja leiða:
 - a. Breyta ákvæðum þeirra laga sem talin eru upp í fylgiskjali 2, sbr. fylgiskjal 3 og heyra undir landbúnaðar-, iðnaðar-, sjávarútvegs- forsætis- og umhverfisráðuneyti. Setja á stofn sérstakar úrskurðarnefndir sem fjalla um kærumál vegna þeirra leyfa sem talin eru upp í fylgiskjali 2 og 3 og í einhverjum tilvikum færa útgáfu leyfa úr höndum ráðherra til lægra setts stjórnisýslustigs. Enn fremur að lögfasta kærheimild til handa umhverfisverndarsamtökum vegna útgáfu framangreindra leyfa þar sem kærheimildir eru í dag að meginstefnu til bundnar við aðila máls, en umhverfisverndarsamtök teljast almennt ekki til slíks aðila.
 - b. Rýmka skilyrði fyrir aðgangi að dómstólum með setningu sérlaga til að veita umhverfisverndarsamtökum heimild til að leggja ákvarðanir um útgáfu leyfa samkvæmt a-lið fyrir dómstóla. Slíkur aðgangur er ekki fyrir hendi í dag vegna ólögfestrar meginreglu íslensks réttarfars um að sá, sem höfðar dómsmál fyrir íslenskum dómstólum verði að hafa sjálfur lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins.
2. Breyta þyrfti ákvæðum um aðild að kröfu um lögþannig að umhverfisverndarsamtök gætu átt aðild að slíkri kröfu. Enn fremur þyrfti að huga að sérákvæðum um skilyrði lögþannigstryggingar í málum vegna leyfisveitinga fyrir matsskyldar framkvæmdir þannig að hún væri felld niður eða fjárhæð hennar takmörkuð.
3. Hugsanlega þyrfti að gera breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur til að tryggja betur kynningu fyrir almenningi og athugasemdarétt áður en veitt er leyfi fyrir vísitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið.

Fylgiskjal 1: Árósasamningurinn

SAMNINGUR UM AÐGANG AÐ UPPLÝSINGUM, ÞÁTTTÖKU ALMENNINGS Í ÁKVARÐANATÖKU OG AÐGANG AÐ RÉTTLÁTRI MÁLSMEÐFERÐ Í UMHVERFISMÁLUM

Aðilar þessa samnings

*minna á 1. reglu Stokkhólmsyfirlýsingarinnar um umhverfi mannsins,
minna einnig á 10. reglu Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun,
minna enn fremur á ályktun allsherjarþingsins nr. 37/7 frá 28. október 1982 um
heimssáttmálann um náttúruna og 45/94 frá 14. desember 1990 um þörfina á að tryggja heilbriggt
umhverfi fyrir velferð einstaklingsins,*

*minna á Evrópusáttmálann um umhverfi og heilsu sem samþykktur var á fyrstu Evrópuráðstefnu
unni um umhverfi og heilsu á vegum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar í Frankfurt am Main,
Þýskalandi, 8. desember 1989,*

*staðfesta þörfina á að vernda, varðveita og bæta ástand umhverfisins og að tryggja sjálfbæra
þróun sem er umhverfisvæn og örugg,*

*viðurkenna að fullnægjandi verndun umhverfisins er nauðsynleg fyrir velferð mannsins og til
að hann geti notið grundvallarmannréttinda, þar með talinn rétturinn til sjálfs lífsins,*

*viðurkenna einnig rétt sérhvers einstaklings til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir
heilsu og velferð hans og að honum beri skylda til, bæði sem einstaklingi og í samvinnu við aðra,
að vernda og bæta umhverfið til hagsbóta fyrir núverandi og komandi kynslóðir,*

*telja að til þess að geta staðið á þessum rétti sínum og uppfyllt þessar skyldur sínar verði
borgararnir að hafa aðgang að upplýsingum, hafa heimild til að taka þátt í ákvarðanatöku og hafa
aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, og viðurkenna í þessu tilliti að borgararnir
kunna að þurfa aðstoð til að beita rétti sínum,*

*viðurkenna að á sviði umhverfismála auki bættur aðgangur að upplýsingum og þátttaka
almennings í ákvarðanatöku gæði og framkvæmd ákvarðana, efla vitund almennings um
umhverfismál, gefi almenn ingi tækifæri til að lýsa sjónarmiðum sínum og geri opinberum
yfirvöldum kleift að taka viðeigandi tillit til slíkra sjónarmiða,*

*stefna þannig að því að auka ábyrgð og gegnsæi í ákvarðanatöku og efla stuðning almennings
við ákvarðanir varðandi umhverfið,*

*viðurkenna hve æskilegt gegnsæi er á öllum sviðum stjórnsýslu og óska eftir því við löggjafa
að þeir hrindi í framkvæmd meginreglum þessa samnings,*

*viðurkenna einnig að almenningur þarf að vera upplýstur um málsmeðferð fyrir þátttöku í
ákvörðun um umhverfismál, hafa frjálsan aðgang að henni og kunna að nota hana,*

*viðurkenna enn fremur hve mikilvægt hlutverk einstakir borgarar, frjáls félagasamtök og
einkageir inn geta haft varðandi umhverfisvernd,*

*æskja þess að efla menntun um umhverfismál til að auka skilning á umhverfinu og sjálfbærri
þróun og til að hvetja til víðtæks skilnings almennings á og þátttöku hans í ákvörðunum sem hafa
áhrif á umhverfið og sjálfbæra þróun,*

benda á, í þessu sambandi, mikilvægi þess að nýta fjölmiðla og rafrænar eða annars konar sam

skiptaleiðir í framtíðinni,

viðurkenna mikilvægi þess að fella umhverfis sjónarmið að fullu inn í ákvarðanatöku stjórnvalda og þörfina sem þar af leiðir fyrir opinber yfirvöld að búa yfir nákvæmum, yfirgripsmiklum og nýjustu upplýsingum um umhverfismál,

staðfesta að opinber yfirvöld varðveiti upplýsingar um umhverfismál til hagsbóta fyrir almenning,

láta sig varða að virk réttarfarsleg úrræði séu aðgengileg almenningi, þar með töldum samtökum, þannig að réttmætir hagsmunir hans séu varðir og lögum framfylgt,

benda á mikilvægi þess að neytendum séu láttnar í té fullnægjandi upplýsingar um framleiðsluvörur til að gera þeim kleift að taka upplýsta ákvörðun um umhverfismál,

viðurkenna áhyggjur almennings af því að erfðabreyttum lífverum sé af ásetningi hleypt út í umhverfið og þörfina á auknu gegnsæi og þátttöku almennings í ákvarðanatöku á þessu sviði,

eru sannfærðir um að framkvæmd þessa samnings muni stuðla að eflingu lýðræðis á svæði Efnahagsráðs Evrópu (ECE),

gera sér grein fyrir því hlutverki sem Efnahagsráð Evrópu gegnir á þessu sviði og minna meðal annars á viðmiðunarreglur þess um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál sem samþykkt var á þriðja ráðherrafundinum „umhverfi í Evrópu“ sem haldinn var í Sofíu, Búlgaríu, 25. október 1995,

hafa í huga viðeigandi ákvæði samningsins um mat á umhverfisáhrifum milli landamæra sem gerður var í Espoo, Finnlandi, 25. febrúar 1991 og samningsins um áhrif af iðnaðarslysum milli landa og samningsins um verndun og nýtingu árfarvega og vatna sem ná yfir fleiri en eitt land sem báðir voru gerðir í Helsinki 17. mars 1992, ásamt öðrum svæðisbundnum samningum,

gera sér grein fyrir því að samþykkt þessa samnings mun vera framlag til eflingar ferlisins „umhverfi Evrópu“ og til niðurstöðu fjórða ráðherra fundarins í Árósum, Danmörku, í júní 1998,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Markmið.

Í þeim tilgangi að stuðla að verndun réttinda hvers einstaklings af núverandi og komandi kynslóð um til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans skal sérhver aðili ábyrgjast rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hug taka sem hér segir:

1. „aðili“ merkir samningsaðila að þessum samningi, nema texti hans tilgreini annað;
2. „opinber yfirvöld“ merkir:
 - a) stjórnvöld ríkis, landsvæðis eða á öðru stigi;
 - b) einstaklinga eða lögpersónur sem sinna opin berri stjórnsýslu samkvæmt landslögum, þar með taldar sérstakar skyldur, athafnir og þjónusta í tengslum við umhverfið;
 - c) sérhverja aðra einstaklinga eða lögpersónur sem hafa opinbera ábyrgð eða hlutverk eða veita

opinbera þjónustu í tengslum við umhverfið og eru undir stjórn stjórnvalds eða einstaklings eða lögpersónu sem falla undir a- eða b-lið;

d) stofnanir sérhverra svæðisbundinna samtaka um efnahagssamvinnu sem getið er í 17. gr. og eru aðili að þessum samningi.

Þessi skilgreining nær ekki til stjórnvalda eða stofna sem hafa dóms- eða löggjafarvald;

3. „upplýsingar um umhverfismál“ merkir hvers konar upplýsingar sem settar eru fram á ritaðan, sjónrænan, hljóðrænan, rafrænan eða hvers konar annan efnislegan hátt varðandi:

a) ástand hinna ýmsu umhverfisþátta, svo sem loftslags og loftshjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, líffræðilegrar fjölbreytni og hluta hennar, þar með taldar erfðabreyttar lífverur, og samspil þessara þátta;

b) atriði, svo sem efni, orku, hávaða og geislun, svo og athafnir eða aðgerðir, þar með taldar stjórnunaraðgerðir, umhverfissamninga, stefnur, löggjöf, áætlanir og framkvæmdir, sem hafa áhrif á eða líkur eru á að muni hafa áhrif á umhverfisþættina sem falla undir a-lið hér að fram an, og kostnaðarábatagreiningu og aðrar efna hagslegar greiningar og ályktanir sem notast er við þegar teknar eru ákvarðanir um umhverfis mál;

c) heilsufar manna og öryggi, skilyrði fyrir mann lífi, menningarstaði og mannvirki, að því marki sem þau eru undir eða kunna að verða fyrir áhrifum af ástandi umhverfisþáttanna eða, með tilstilli þessara þátta, af þeim atriðum, athöfnum eða aðgerðum sem getið er í b-lið hér að fram an;

4. „almennitur“ merkir einn eða fleiri einstaklinga eða lögpersónur í samræmi við landslög og venjur, félög þeirra, samtök eða hópa;

5. „almennitur sem málið varðar“ merkir almenning sem verður fyrir eða er líklegt að verði fyrir áhrifum af eða á hagsmunum að gæta við ákvarðana töku í umhverfismálum; hvað varðar þessa skilgreiningu skulu frjáls félagasamtök, er stuðla að umhverfisvernd og uppfylla kröfur samkvæmt landslögum um af einhverju lagi, teljast eiga hagsmunum að gæta.

3. gr.

Almenn ákvæði.

1. Sérhver aðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir með lögum, reglugerðum eða öðrum aðgerðum, þar með taldar ráðstafanir til að ná fram samræmi milli ákvæða um framkvæmd þeirra ákvæða samningsins er varða upplýsingar, þátttöku almennings og aðgang að réttlátri málsmeðferð, svo og viðeigandi ráðstafanir um framfylgd, til að koma á fót og viðhalda skýrri, gegnsærri og samræmdri rammaáætlun til að framkvæma ákvæði þessa samnings.

2. Sérhver aðili skal leitast við að tryggja að embættismenn og yfirvöld veiti almenningi aðstoð og leiðbeiningar við leit að upplýsingum, við að auð velda þátttöku í ákvarðanatöku og við að leita eftir réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

3. Sérhver aðili skal efla kennslu um umhverfismál og meðvitund um umhverfismál meðal almennings, einkum um hvernig unnt er að fá aðgang að upplýsingum, taka þátt í ákvarðanatöku og fá aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

4. Sérhver aðili skal veita viðeigandi viðurkenningu og stuðning til félaga, samtaka og hópa sem stuðla að verndun umhverfisins og tryggja að réttar kerfi landsins sé í samræmi við þessa skuldbindingu.

5. Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á réttindi aðila til að viðhalda eða innleiða aðgerðir sem veita víðtækari aðgang að upplýsingum, fela í sér aukna þátttöku almennings í

ákvarðanatöku og veita betri aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum en kveðið er á um í þessum samningi.

6. Þessi samningur skal ekki rýra neinn rétt sem fyrir er til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almenningu í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

7. Sérhver aðili skal stuðla að beitingu megin reglna þessa samnings í alþjóðlegri ákvarðanatöku um umhverfismál og á vettvangi alþjóðastofnana í málefnum er varða umhverfið.

8. Sérhver aðili skal tryggja að einstaklingar, sem beita réttindum sínum í samræmi við ákvæði þessa samnings, skuli ekki beittir refsingum, saksókn eða áreitni á neinn hátt vegna afskipta sinna. Þetta ákvæði skal ekki hafa áhrif á vald innlendra dóm stóla til að dæma sanngjarnan málskostnað í mála ferlum.

9. Innan marka viðeigandi ákvæða þessa samnings skal almenningur hafa aðgang að upplýsingum, hafa möguleika á að taka þátt í ákvarðanatöku og hafa aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum án mismununar hvað varðar ríkisfang, þjóðerni eða heimkynni, og, hvað viðkemur lögpersónu, án mis mununar vegna þess hvar hún hefur skráð aðsetur sitt eða raunverulega miðstöð aðgerða sinna.

4. gr.

Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál.

1. Með fyrirvara um eftirfarandi málsgreinar þess arar greinar skal sérhver aðili tryggja að séu opinber yfirvöld krafin um upplýsingar um umhverfismál skuli þau láta slíkar upplýsingar almenningi í té, inn an ramma landslaga, þar með talið, ef um er beðið og með fyrirvara um b-lið, eintök af eiginlegum skjölum sem innihalda eða mynda slíkar upplýsingar:

a) án þess að geta þurfi um hagsmuni;

b) á hinu umbeðna formi nema:

(i) sanngjarnt sé að hið opinbera yfirvald láti þær í té á öðru formi en þá skulu tilgreindar ástæður þess að upplýsingarnar séu látnar í té á því formi; eða

(ii) upplýsingarnar séu þegar aðgengilegar opinberlega á öðru formi.

2. Upplýsingar um umhverfismál, sem vísað er til í 1. mgr. hér að framan, skulu látnar í té svo skjótt sem auðið er og í síðasta lagi innan mánaðar frá því að beiðni var lögð fram, nema ef magn og flókin gerð upplýsinganna réttlæta framlengingu á þessu tímabili um allt að tveimur mánuðum eftir að beiðni var lögð fram. Umsækjandinn skal upplýstur um hvers konar framlengingu og ástæður sem réttlæta hana.

3. Hafna má beiðni um upplýsingar um umhverfis mál ef:

a) hið opinbera yfirvald sem beiðninni er beint til hefur ekki hinar umbeðnu upplýsingar undir höndum;

b) beiðnin er augljóslega ósanngjörn eða sett fram á of almennan hátt; eða

c) beiðnin varðar efni sem er í vinnslu eða innri samskipti opinberra yfirvalda þar sem gerð er slík undanþága í landslögum eða viðteknum hefðum, að teknu tilliti til þeirra almannahags muna sem þjónað væri með birtingu upplýsinganna.

4. Hafna má beiðni um upplýsingar um umhverfis mál ef birting þeirra myndi hafa skaðleg áhrif á:

a) trúnað í starfsemi opinberra yfirvalda, þar sem gert er ráð fyrir slíkum trúnaði í landslögum;

b) alþjóðasamskipti, landvarnir og öryggi almennings;

- c) framgang réttlætisins, möguleika einstaklings til að fá réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum eða getu opinbers yfirvalds til að framkvæma rann sókn sem varðar glæpi eða refsingar;
- d) trúnað varðandi viðskipta- eða iðnaðarupplýsingar, þar sem slíkur trúnaður er verndaður með lögum til að vernda lögmæta efnahagslega hagsmuni. Innan þessa ramma skal láta í té upp lýsingar um efnalosun sem skipta máli varðandi verndun umhverfisins;
- e) hugverkarétt;
- f) trúnað varðandi persónulegar upplýsingar og/eða skrár sem tengjast einstaklingi þegar sá einstaklingur hefur ekki gefið samþykki sitt fyrir því að upplýsingarnar séu látnar af hendi til almennings, þar sem gert er ráð fyrir slíkum trúnaði í landslögum;
- g) hagsmuni þriðja aðila sem hefur útvegað um beðnar upplýsingar án þess að þeim aðila sé eða geti verið gert skylt samkvæmt lögum að láta upplýsingarnar í té og þar sem sá aðili samþykkir ekki að upplýsingarnar séu látnar af hendi; eða
- h) umhverfið sem upplýsingarnar varða, svo sem uppeldisstöðvar sjaldgæfra tegunda. Framangreindar synjunarástæður skal túlka þröngt, að teknu tilliti til þeirra almannahagsmuna sem þjón að er með birtingu upplýsinganna og þess hvort um beðnar upplýsingar varða efnalosun út í umhverfið.

5. Í þeim tilvikum þegar opinbert yfirvald býr ekki yfir þeim upplýsingum um umhverfismál sem beðið er um skal það yfirvald, svo skjótt sem unnt er, greina umsækjandanum frá því til hvaða opinbers yfirvalds það telur að unnt sé að sækja um umbeðnar upplýsingar eða beina beiðninni til þess yfirvalds og tilkynna umsækjandanum um það.

6. Sérhver aðili skal tryggja, sé unnt að aðgreina upplýsingar sem eru undanþegnar birtingu skv. c-lið 3. mgr. og 4. mgr. hér að framan án þess að setja trúnað upplýsinganna sem undanþegnar eru í hættu, að opinber yfirvöld láti í té það sem eftir er af hinum umbeðnu upplýsingum um umhverfismál.

7. Höfnun beiðni skal vera skrifleg ef beiðnin var skrifleg eða ef umsækjandinn æskir þess. Í höfnun skal tilgreina ástæður fyrir höfnuninni og veita upp lýsingar um aðgang að endurskoðunarferlinu sem gert er ráð fyrir í 9. gr. Höfnun skal gerð svo skjótt sem unnt er og í síðasta lagi innan eins mánaðar, nema ef flókin gerð upplýsinganna réttlætir fram lengingu þess frests um allt að tveimur mánuðum eftir að beiðni er lögð fram. Umsækjandanum skal tilkynnt um hvers konar framlengingu og ástæður sem réttlæta hana.

8. Sérhver aðili getur heimilað opinberum yfir völdum að taka gjald fyrir að láta upplýsingar í té, en slíkt gjald skal ekki fara fram úr sanngjarnri upphæð. Opinber yfirvöld, sem ætla sér að taka slíkt gjald fyrir að útvega upplýsingar, skulu láta umsækjendum í té gjaldskrá sem gefur til kynna hvenær gjalds kunnir að vera krafist eða undanþága veitt frá því og hve nær útvegum upplýsinga er háð fyrirframgreiðslu slíks gjalds.

5. gr.

Söfnun og dreifing upplýsinga um umhverfismál.

1. Sérhver aðili skal sjá til þess:

- a) að opinber yfirvöld búi yfir og uppfæri upplýsingar um umhverfismál sem varða starfsemi þeirra;
- b) að komið verði á upplýsingaskyldu, þannig að nægilegar upplýsingar berist til opinberra yfir valda um fyrirhugaða og núverandi starfsemi sem kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið;
- c) sé um að ræða yfirvofandi ógnun við heilsu manna eða umhverfið, hvort sem hún er af völd

um starfsemi manna eða á sér náttúrulegar or sakir, skal dreifa öllum upplýsingum, sem eru í förum opinbers yfirvalds og gætu gert almenn ingi kleift að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr skaða af völdum ógnunarinn ar, strax og án tafar til þess hluta almennings sem kann að verða fyrir áhrifum af honum.

2. Sérhver aðili skal sjá til þess, innan ramma landslaga, að aðferðin sem opinber yfirvöld beita til að láta almenningi í té upplýsingar um umhverfismál sé gegnsæ og að upplýsingar um umhverfismál séu raunverulega aðgengilegar, meðal annars með því að:

a) láta almenningi í té fullnægjandi upplýsingar um gerð og umfang upplýsinga um umhverfis mál sem viðeigandi opinber yfirvöld búa yfir, grundvallarskilmála og -skilyrði fyrir því að slíkar upplýsingar séu látnar í té og gerðar að gengilegar, og aðferðina við að afla þeirra;

b) koma á fót og viðhalda hagnýtu fyrirkomulagi, svo sem:

(i) listum, skráum eða skjölum aðgengilegum almenningi;

(ii) að krefjast þess að embættismenn aðstoði almenning við að leita upplýsinga sam kvæmt þessum samningi; og

(iii) að tilgreina tengiliði; og

c) veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem er að finna í listum, skráum eða skjölum er vísað er til í b-lið (i) hér að framan án endur gjalds.

3. Sérhver aðili skal sjá til þess að upplýsingar um umhverfismál verði smám saman fyrirliggjandi á raf rænum gagnagrunnum sem eru auðveldlega aðgengi legir fyrir almenning gegnum net fjarskiptakerfa. Upplýsingar sem aðgengilegar eru á þessu formi skulu meðal annars vera eftirfarandi:

a) skýrslur um ástand umhverfisins, svo sem til greint er í 4. mgr.;

b) lagatextar um umhverfið eða varðandi það;

c) eftir því sem við á, stefnur, áætlanir og verkefni um eða varðandi umhverfið, og umhverfissamningar; og

d) aðrar upplýsingar, svo fremi að aðgengi að þeim upplýsingum á þessu formi myndi auðvelda beitingu landslaga við framkvæmd þessa samnings, að því tilskildu að slíkar upplýsingar séu þegar fyrir hendi á rafrænu formi.

4. Sérhver aðili skal með reglulegu millibili, sem sé ekki lengra en þrjú eða fjögur ár, gefa út og dreifa landsskýrslu um ástand umhverfisins, þar með taldar upplýsingar um gæði umhverfisins og upplýsingar um ágengni á umhverfið.

5. Sérhver aðili skal gera ráðstafanir innan ramma laga sinna í því augnamiði að dreifa meðal annars:

a) lögum og skjölum með stefnumörkun, svo sem skjölum um heildaráætlanir, stefnu, verkefni og aðgerðaáætlanir sem varða umhverfið, og skýrslum um árangur af framkvæmd þeirra, sem gerðar eru á hinum ýmsu stigum stjórnsýslunn ar;

b) alþjóðasamningum um umhverfismál; og

c) öðrum mikilvægum alþjóðlegum skjölum um umhverfismál, eftir því sem við á.

6. Sérhver aðili skal hvetja þá sem reka starfsemi er hefur umtalsverð áhrif á umhverfið til að upplýsa almenning reglulega um umhverfisáhrif af starfsemi eða framleiðsluvörum þeirra, þar sem við á með um hverfismerkingum eða umhverfiseftirliti sem komið er á að frumkvæði þeirra sem reka starfsemina, eða með öðrum aðferðum.

7. Sérhver aðili skal:

a) gefa út staðreyndir og greiningu á staðreyndum sem hann telur að skipti máli og séu

mikilvægar við móttun tillagna um stefnu í umhverfismál um;

b) gefa út, eða gera aðgengilegt með öðrum hætti, efni sem fyrir hendi er til útskýringar á samskiptum sínum við almenning í málefnum sem falla undir gildissvið þessa samnings; og

c) útvega á viðeigandi formi upplýsingar um opin bera starfsemi eða opinbera þjónustu á sviði umhverfismála sem framkvæmd er af stjórn völdum á öllum stigum.

8. Sérhver aðili skal þróa leiðir í því augnamiði að tryggja að nægilegar upplýsingar um framleiðsluvör ur séu látnar almenningi í té á þann hátt að neytend um sé gert kleift að taka upplýstar ákvarðanir um umhverfismál.

9. Sérhver aðili skal gera ráðstafanir til að setja upp smám saman, að teknu tilliti til alþjóðlegra ferla þar sem við á, heildstætt kerfi á landsvísu þar sem skráðar eru upplýsingar um mengun í skipulagðan og tölvuvæddan gagnagrunn sem byggður er á stöðluð um tilkynningum og almenningur hefur aðgang að. Slíkt kerfi getur innihaldið upplýsingar um innsetningu, losun og tilflutning á tilgreindum flokkum efna og framleiðsluvara, þar með talið vatn, orka og notkun auðlinda, frá ákveðnum tegundum starfsemi út í umhverfið og til meðhöndlunar- og förgunarstöðva á staðnum eða annars staðar.

10. Ekkert í þessari grein má skerða rétt aðila til að synja um afhendingu ákveðinna upplýsinga um umhverfismál í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Þátttaka almennings í ákvörðunum um tiltekna starfsemi.

1. Sérhver aðili:

a) skal beita ákvæðum þessarar greinar að því er varðar ákvarðanir um hvort eigi að leyfa fyrir hugaða starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka;

b) skal, í samræmi við landslög, einnig beita ákvæðum þessarar greinar við ákvarðanir um fyrirhugaða starfsemi sem ekki er tilgreind í I. viðauka sem kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Í þessu augnamiði skulu aðilar ákveða hvort slík fyrirhuguð starfsemi sé háð þessum ákvæðum; og

c) getur ákveðið, í hverju tilviki fyrir sig ef svo er mælt fyrir um í landslögum, að beita ekki ákvæðum þessarar greinar varðandi fyrirhugaða starfsemi sem er í þágu landvarna telji sá aðili að beiting ákvæðanna myndi hafa skaðleg áhrif þar á.

2. Almennigur er málið varðar skal upplýstur, annaðhvort með almennri tilkynningu eða einstakl ingsbundið eftir því sem við á, snemma í ákvörð unarferli um umhverfismál og á fullnægjandi, tíman legan og virkan hátt meðal annars um:

a) fyrirhugaða starfsemi og þá umsókn sem ákvörð un verður tekin um;

b) eðli hugsanlegra ákvarð ana eða drög að ákvörð un;

c) hið opinbera yfirvald sem ber ábyrgð á að taka ákvörð unina;

d) fyrirhugað ferli, þar með talið, ef og þegar unnt er að útvega þessar upplýsingar:

(i) upphaf ferlis;

(ii) tækifæri til þátttöku almennings;

(iii) stað og stund opinbers fundar sem kann að vera fyrirhugaður;

(iv) ábendingu um hvaða opinbera yfirvald get ur veitt viðkomandi upplýsingar og hvar viðkomandi upplýsingum hefur verið kom ið fyrir svo almenningur geti kynnt sér þær;

(v) ábendingu um viðeigandi opinbert yfirvald eða annan opinberan aðila sem tekur við athugasemdum eða spurningum og um tímasetningu varðandi framlagningu at hugasemda og spurninga; og

(vi) ábendingu um hvaða upplýsingar um umhverfismál sem varða fyrirhugaða starfsemi eru fyrirbyggjandi; og

e) þá staðreynd að starfsemin er háð mati á umhverfisáhrifum innanlands eða milli landa.

3. Ferlið fyrir þátttöku almennings skal innihalda sanngjörn tímamörk fyrir hina mismunandi þætti þannig að nægilegur tími sé til að upplýsa almenning í samræmi við 2. mgr. hér að framan og til að almenningur geti undirbúið sig og tekið virkan þátt á meðan á ákvarðanatöku um umhverfismál stendur.

4. Sérhver aðili skal gera ráð fyrir þátttöku almenning snemma í ferlinu meðan allir kostir eru fyrir hendi og virk þátttaka almennings getur átt sér stað.

5. Sérhver aðili ætti, þar sem við á, að hvetja væntanlega umsækjendur til að greina þann hóp almenning sem málið varðar, hefja umræður og veita upplýsingar um markmið umsóknar sinnar áður en sótt er um leyfi.

6. Sérhver aðili skal krefjast þess að þar til bær opinber yfirvöld veiti almenningi sem málið varðar aðgang til að athuga allar upplýsingar sem máli skipta varðandi ákvarðanatöku sem vísað er til í þessari grein sem fyrir liggja þegar ferlið fyrir þátttöku almennings hefst, án endurgjalds og um leið og þær liggja fyrir, að beiðni þar sem þess er krafist samkvæmt landslögum, að óskertum rétti aðila til að synja um að láta í té ákveðnar upplýsingar í samræmi við 3. og 4. mgr.

4. gr. Að óskertum ákvæðum 4. gr. skulu viðeigandi upplýsingar innihalda að minnsta kosti:

a) lýsingu á staðháttum og ytri efnislegum og tæknilegum einkennum fyrirhugaðrar starfsemi, þar með talið mat á væntanlegum úrgangi og efnalosun;

b) lýsingu á umtalsverðum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á umhverfið;

c) lýsingu á aðgerðum sem fyrirsjáanlegar eru til að hindra og/eða draga úr áhrifunum, þar með talin efnalosun;

d) samantekt af framangreindu án tæknilegrar út færslu;

e) yfirlit yfir helstu kosti sem umsækjandinn hefur athugað; og

f) í samræmi við landslög, helstu skýrslur og ráðgjöf sem hinu opinbera yfirvaldi hefur borist þegar upplýsa skal almenning sem málið varðar í samræmi við 2. mgr. hér að framan.

7. Í ferlinu fyrir þátttöku almennings skal almenn ingi gert kleift að leggja fram, skriflega eða, eftir því sem við á, á opinberum fundi eða í opinberum fyrirspurnum til umsækjanda, hvers konar athugasemdir, upplýsingar, greiningar eða skoðanir sem hann telur að skipti máli varðandi fyrirhugaða starfsemi.

8. Sérhver aðili skal tryggja að við ákvarðanatöku sé tekið eðlilegt tillit til niðurstöðu af þátttöku almenning.

9. Sérhver aðili skal tryggja að þegar ákvörðun hefur verið tekin af opinberu yfirvaldi skuli almenn ingur án tafar vera upplýstur um ákvörðunina í samræmi við viðeigandi starfshætti.

Sérhver aðili skal láta almenningi í té texta ákvörðunarinnar ásamt þeim ástæðum og sjónarmiðum sem ákvörðunin er byggð á.

10. Sérhver aðili skal tryggja að þegar opinbert yfirvald endurskoðar eða uppfærir starfsskilyrði fyrir starfsemi sem vísað er til í 1. mgr. skuli ákvæðum 2.–9. mgr. þessarar greinar beitt að breyttu breytanda og eftir því sem við á.

11. Sérhver aðili skal, innan ramma landslaga, beita ákvæðum þessarar greinar, að því marki sem unnt er og við á, um ákvarðanir um hvort leyfa beri vísitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið.

7. gr.

Þátttaka almennings varðandi áætlanir, verkefni og stefnur er varða umhverfið.

Eftir að hafa látið almenningi í té nauðsynlegar upplýsingar skal sérhver aðili gera viðeigandi hag nýtar og/eða aðrar ráðstafanir vegna þátttöku almenningu við undirbúning áætlana og verkefna er varða umhverfið, innan gegnsæis og sanngjarns ramma. Innan þessa ramma skal beitt 3., 4. og 8. mgr. 6. gr. Sá hluti almennings, sem taka má þátt, skal tilgreindur af viðeigandi opinberu yfirvaldi, að teknu tilliti til markmiða þessa samnings. Að því marki sem eðlilegt er skal sérhver aðili leitast við að veita almenningi tækifæri til að taka þátt í undirbúningi stefnumótunar er varðar umhverfið.

8. gr.

Þátttaka almennings við undirbúning framkvæmdareglna og/eða lagalega bindandi reglna sem hafa almennt gildi.

Sérhver aðili skal leggja sig fram um að efla virka þátttöku almennings á viðeigandi stigi og með an kostir eru enn fyrir hendi í undirbúningi opinberra yfirvalda á framkvæmdareglum og öðrum lagalega bindandi reglum sem hafa almennt gildi og kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Í þessum tilgangi ætti að gera eftirfarandi ráðstafanir:

- a) setja tímamörk sem eru fullnægjandi til að ná fram virkri þátttöku;
- b) gefa út drög að reglum eða gera þau almenningi aðgengileg á annan hátt; og
- c) gefa almenningi kost á að gera athugasemdir, annaðhvort beint eða gegnum ráðgefandi aðila sem kemur fram fyrir hans hönd.

Taka skal tillit til niðurstöðu af þátttöku almennings að svo miklu leyti sem unnt er.

9. gr.

Aðgangur að réttlátri málsmeðferð.

1. Sérhver aðili skal, innan ramma landslaga, tryggja að hver maður, sem telur að beiðni hans um upplýsingar skv. 4. gr. hafi verið hunsuð, hafnað ranglega, hvort heldur að hluta til eða í heild, svarað á ófullnægjandi hátt eða að hún hafi að öðru leyti ekki fengið meðferð í samræmi við ákvæði þeirrar greinar, hafi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dóm stólum eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila samkvæmt lögum.

Í þeim tilvikum þegar aðili gerir ráðstafanir til að fyrir hendi sé slík endurskoðunarleið fyrir dóm stólum skal hann tryggja að viðkomandi maður hafi einnig aðgang að fljótvirkri meðferð sem mælt skal fyrir um í lögum sem sé ókeypis eða ódýr um endur mat af hálfu opinbers yfirvalds eða endurskoðun af hálfu óháðs og hlutlauss aðila annars en dómstólum.

Endanlegar ákvarðanir skv. 1. mgr. skulu vera bindandi fyrir hið opinbera yfirvald sem býr yfir upplýsingunum. Ástæður skulu tilgreindar skriflega, að minnsta kosti ef aðgangi að upplýsingum er hafn að samkvæmt þessari málsgrein.

2. Sérhver aðili skal, innan ramma landslaga, tryggja að einstaklingar sem málið varðar sem

- a) eiga nægjanlegra hagsmuna að gæta eða, að öðrum kosti,
- b) halda því fram að gengið hafi verið á rétt þeirra, þar sem slíkt skilyrði er sett í lögum aðila um opinbera stjórnsýslu,

hafi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila samkvæmt lögum til að véfengja lagagildi sérhverrar ákvörðunar, aðgerðar eða aðgerðaleysis, hvað varðar efni og form, samkvæmt ákvæðum 6. gr. og, sé kveðið svo á í landslögum og að óskertum ákvæðum 3. mgr. hér á eftir, öðrum viðeigandi ákvæðum þessa samnings.

Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og hvenær talið er að gengið hafi verið á rétt skal ákvarðast í samræmi við skilyrði landslaga og ávallt með það að markmiði að veita almenningi sem málið varðar víð tækan aðgang að réttlátri málsmeðferð innan ramma þessa samnings. Í þessu augnamiði skulu hagsmunir sérhverra frjálsra félagasamtaka sem uppfylla þau skilyrði sem vísað er til í 5. mgr. 2. gr. taldir vera nægjanlegir með tilliti til a-liðar hér að framan. Slík samtök skulu einnig teljast hafa réttindi sem hægt er að ganga á í skilningi b-liðar hér að framan.

Ákvæði 2. mgr. skulu ekki útiloka möguleikann á endurskoðunarleið til bráðabirgða fyrir opinberu yfirvaldi og skulu ekki hafa áhrif á það skilyrði að tæma allar endurskoðunarleiðir fyrir yfirvöldum áður en gripið er til endurskoðunarleiða fyrir dómstólum þar sem slík krafa er gerð í landslögum.

3. Til viðbótar og að óskertum þeim endurskoðunarleiðum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. hér að framan skal sérhver aðili tryggja að uppfylli ein staklingar þau viðmiðunarskilyrði, ef einhver eru, sem kveðið er á um í landslögum skuli þeir hafa að gang að stjórnsýslu- og dómstólaleiðum til að véfengja aðgerðir og aðgerðaleysi af hálfu einstaklinga og opinberra yfirvalda sem ganga gegn ákvæðum eigin landslaga um umhverfið.

4. Til viðbótar og að óskertri 1. mgr. hér að framan skulu leiðirnar, sem vísað er til í 1., 2. og 3. mgr. hér að framan, veita fullnægjandi og virk úrræði, þar með lögbannsleið eftir því sem við á, og vera sann gjarnar, réttlátar, tímanlegar og ekki óhæfilega dýrar. Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar eða skráðar skriflega. Niðurstöður dómstóla, svo og annarra aðila þar sem unnt er, skulu vera aðgengileg ar almenningi.

5. Til að efla virkni ákvæða þessarar greinar skal sérhver aðili tryggja að upplýsingar séu veittar almenningi um aðgang að endurskoðunarleiðum fyrir yfirvöldum og dómstólum og skal huga að því að koma á viðeigandi stuðningskerfum til að fjarlægja eða draga úr fjárhagslegum og öðrum hindrunum gegn aðgangi að réttlátri málsmeðferð.

10. gr.

Fundur aðila.

1. Fyrsti fundur aðila skal kallaður saman eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Síðan skal halda reglulegan fund aðila að minnsta kosti á tveggja ára fresti nema aðilarnir ákveði annað eða að fenginni skriflegri beiðni einhvers aðila, að því tilskildu að þessi beiðni sé studd af að minnsta kosti einum þriðja hluta aðila innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjóri Efnahagsráðs Evrópu sendir beiðnina til allra aðila.

2. Á fundum sínum skulu aðilar hafa til stöðugar endurskoðunar framkvæmd þessa samnings á grund velli reglulegrar skýrslugerðar aðilanna og, með þennan tilgang í huga, skulu þeir:

a) endurskoða stefnu varðandi lagalegar og að ferðafræðilegar leiðir er varða aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfis málum í þeim tilgangi að bæta þær enn frekar;

b) skiptast á upplýsingum varðandi reynslu sem aflað hefur verið við að gera og framkvæma tví hliða og marghliða samninga eða annars konar fyrirkomulag sem varðar tilgang þessa samnings

og sem einn eða fleiri aðilar að þessum samningi eru aðilar að;

- c) leita, þar sem við á, eftir þjónustu stofnana Efnahagsráðs Evrópu og annarra þar til bærra alþjóðlegra stofnana og sérstakra nefnda varðandi alla þætti er lúta að því að ná fram markmiðum þessa samnings;
- d) setja á fót hvers konar undirnefndir eftir því sem þeir telja nauðsynlegt;
- e) undirbúa, þar sem við á, bókanir við þennan samning;
- f) fjalla um og samþykkja tillögur um breytingar á þessum samningi í samræmi við ákvæði 14. gr.;
- g) fjalla um og hrinda í framkvæmd sérhverjum viðbótaraðgerðum sem kunna að vera nauðsynlegar til að ná fram markmiðum þessa samnings;
- h) fjalla um á fyrsta fundi sínum og samþykkja samhljóða fundarsköp fyrir fundi sína og fundi undirnefnda;
- i) fara á fyrsta fundi sínum yfir reynslu sína af framkvæmd ákvæða 9. mgr. 5. gr. og fjalla um hvaða skref eru nauðsynleg til að þróa frekar kerfið sem þar er vísað til, að teknu tilliti til alþjóðlegra ferla og þróunar, þar með talin út færsla á viðeigandi gerningi varðandi skrár og upplýsingasöfn um losun og flutning mengunar efna sem mætti gera að viðauka við þennan samning.

3. Fundur aðilanna getur, ef þörf krefur, fjallað um að koma á fjárhagslegum ráðstöfunum með einróma samþykki.

4. Rétt til að taka þátt í fundum aðila sem áheyrnaraðilar hafa Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, ásamt sérhverju ríki eða svæðisbundnum samtökum um efnahagssamvinnu sem er heimilt skv. 17. gr. að undirrita þennan samning en er ekki aðili að honum, og einnig sérhver milliríkjastofnun sem er hæf á þeim sviðum sem þessi samningur snertir.

5. Sérhverjum frjálsum félagasamtökum, sem eru hæf á þeim sviðum sem þessi samningur snertir og hafa tilkynnt framkvæmdastjóra Efnahagsráðs Evrópu um vilja sinn til þess að eiga fulltrúa á fundum aðila, skal heimilt að taka þátt sem áheyrnaraðili, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti aðila sem viðstaddir eru á fundinum hafi uppi mótmæli.

6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. hér að framan skulu fundarsköp þau sem vísað er til í h-lið 2. mgr. hér að framan gera ráð fyrir hagnýtu fyrirkomulagi varðandi málsmeðferð við að veita aðgang og aðra viðeigandi skilmála.

11. gr.

Atkvæðisréttur.

1. Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar skal sérhver aðili að samningi þessum hafa yfir einu atkvæði að ráða.

2. Í málum sem falla undir valdsvið þeirra skulu svæðisbundin samtök um efnahagssamvinnu neyta atkvæðisréttar síns með atkvæðafjölda sem er jafn fjölda aðildarríkja þeirra sem eru aðilar að þessum samningi. Samtök þessi skulu ekki neyta atkvæðisréttar síns ef aðildarríki þeirra gera það og öfugt.

12. gr.

Skrifstofan.

Framkvæmdastjóri Efnahagsráðs Evrópu skal inna af hendi eftirfarandi störf skrifstofunnar:

- a) kalla saman og undirbúa fundi aðilanna;
- b) dreifa til aðilanna skýrslum og öðrum upplýsingum sem berast í samræmi við ákvæði þessa samnings; og
- c) hver þau önnur störf sem aðilarnir kunna að ákveða.

13. gr.

Viðaukar.

Viðaukarnir við þennan samning skulu teljast óaðskiljanlegur hluti hans.

14. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Sérhver aðili getur borið fram tillögu um breytingu á samningi þessum.
2. Texti sérhverrar tillögu um breytingu á samningi þessum skal lagður fram skriflega hjá framkvæmdastjóra Efnahagsráðs Evrópu sem skal senda hann til allra aðila eigi síðar en níutíu dögum fyrir fund aðilanna þar sem tillagan er lögð fram til samþykktar.
3. Aðilar skulu gera sitt ítrasta til að ná samkomu lagi um tillögu um breytingu á samningi þessum með einróma samþykki. Hafi allar tilraunir til að ná einróma samþykki reynst árangurslausar og ekkert samkomulag liggur fyrir skal síðasta úrræðið vera að samþykkja breytinguna með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða á fundinum.
4. Breytingar á samningi þessum, sem samþykktar eru í samræmi við 3. mgr. hér að framan, skal vörsluaðili senda öllum aðilum til fullgildingar, samþykktar eða staðfestingar. Breytingar á samningi þessum, aðrar en á viðauka, öðlast gildi að því er varðar aðila sem hafa fullgilt þær, samþykkt eða staðfest á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur tekið við tilkynningu um fullgildinguna, samþykkt eða staðfestingu þeirra frá þremur fjórðu hlutum þeirra aðila hið minnsta. Eftir þann tíma skulu þær öðlast gildi að því er varðar sérhvern annan aðila á nítugasta degi eftir að sá aðili hefur afhent skjal sitt um fullgildinguna, samþykkt eða staðfestingu á breytingunum til vörslu.
5. Sérhver aðili, sem getur ekki samþykkt breytingu á viðauka við þennan samning, skal tilkynna það til vörsluaðilans skriflega eigi síðar en tólf mánudögum frá dagsetningu tilkynningar um samþykkt á fundi aðila. Vörsluaðilinn skal án tafar greina öllum aðilum frá sérhverri slíkri tilkynningu sem hann tekur við. Aðili getur hvenær sem er látið staðfestingu sína koma í stað fyrri tilkynningar sinnar og skulu breytingar á viðkomandi viðauka öðlast gildi að því er þann aðila varðar þegar hann afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörsluaðila.
6. Að liðnum tólf mánuðum frá dagsetningu tilkynningar frá vörsluaðila sem kveðið er á um í 4. mgr. að framan skal breyting á viðauka öðlast gildi að því er þá aðila varðar sem ekki hafa lagt fram tilkynningu til vörsluaðila í samræmi við ákvæði 5. mgr. að framan, að því tilskildu að eigi fleiri en þriðjungur aðila hafi lagt fram slíka tilkynningu.
7. Hvað varðar þessa grein skal „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ merkja þá aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði með eða móti.

15. gr.

Athugun á því hvernig ákvæðum samningsins er fylgt.

Fundur aðila skal með einróma samþykki koma á laggirnar valfrjálsu fyrirkomulagi sem ekki leiðir til átaka, er ekki tengt dómstólum og er í formi ráð gjafar til að fara yfir það hvernig ákvæðum samnings þessa er fylgt. Þetta fyrirkomulag skal gera ráð fyrir viðeigandi þátttöku almennings og kann að fela í sér þann kost að taka til athugunar ábendingar frá al menningi um málefni er varða þennan samning.

16. gr.

Lausn deilumála.

1. Nú kemur upp deila milli tveggja eða fleiri aðila um túlkun eða beitingu samnings þessa og skulu þeir þá leita lausnar með samningum eða með einhverj um öðrum hætti sem aðilar að deilunni eru ásáttir um.
2. Við undirritun, fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt þessa samnings eða við aðild að honum, eða hvenær sem er síðar, getur aðili sent vörsluaðila skriflega yfirlýsingu um að varðandi deilu sem ekki hefur verið leyst í samræmi við 1. mgr. að framan samþykki hann eina eða báðar af eftirfarandi leiðum til lausnar á deilum sem bindandi hvað varðar sér hvern aðila sem einnig samþykkir sömu skuldbindingu:
 - a) að leggja deiluna fyrir Alþjóðadómstólinn;
 - b) gerð í samræmi við málsmeðferð sem lýst er í II. viðauka.
3. Ef aðilar að deilunni hafa samþykkt báðar leiðir til lausnar á deilum skv. 2. mgr. má aðeins leggja deiluna fyrir Alþjóðadómstólinn, nema þeir komi sér saman um annað.

17. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Árósum (Danmörku) hinn 25. júní 1998 og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 21. desember 1998 af hálfu aðildarríkja Efnahagsráðs Evrópu auk þeirra ríkja sem hafa stöðu samráðsaðila hjá Efnahagsráði Evrópu skv. 8. og 11. mgr. ályktunar efnahags- og félagsmálaráðsins nr. 36 (IV) frá 28. mars 1947, og af hálfu svæðisbundinna samtaka um efnahagssamvinnu sem stofnuð eru af fullvalda ríkjum sem eru meðlimir í Efnahagsráði Evrópu og falið hafa samtökunum vald í málum er falla undir þennan samning, þar með talið vald til að gera samninga varðandi þessi mál.

18. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili þessa samnings.

19. gr.

Fullgilding, staðfesting, samþykkt og aðild.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt ríkja og svæðisbundinna samtaka um efnahagssamvinnu sem undirritað hafa hann.
2. Ríki og svæðisbundin samtök um efnahagssamvinnu sem vísað er til í 17. gr. geta gerst aðilar að þessum samningi frá og með 22. desember 1998.

3. Sérhvert annað ríki, sem ekki er vísað til í 2. mgr. að framan og er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, getur gerst aðili að þessum samningi með samþykki fundar aðilanna.
4. Sérhver samtök, sem vísað er til í 17. gr. og gerast aðili að þessum samningi án þess að nokkurt aðildarríki þeirra sé aðili, skulu vera bundin af öllum skuldbindingum þessa samnings. Ef eitt eða fleiri aðildarríki að slíkum samtökum er aðili að samningi þessum skulu samtökin og aðildarríki þeirra skera úr um ábyrgð hvers um sig á að framkvæma skuldbind ingar sínar samkvæmt þessum samningi. Í slíkum tilvikum skal samtökunum og aðildarríkjunum ekki heimilt að beita réttindum sínum samkvæmt þessum samningi samtímis.
5. Í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild skulu þau svæðisbundnu samtök um efnahagssamvinnu, sem um getur í 17. gr., til greina hvert valdsvið þeirra nær í málefnum sem samningur þessi nær til. Skulu samtökin einnig skýra vörsluáðila frá öllum umtalsverðum breytingum á valdsviði sínu.

20. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild hefur verið afhent til vörslu.
2. Að því er varðar 1. mgr. að framan skal sérhvert skjal, sem svæðisbundin samtök um efnahagssam vinnu afhenda til vörslu, ekki talið vera viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.
3. Að því er varðar hvert ríki eða samtök sem vís að er til í 17. gr. sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir þennan samning eða gerist aðili að honum eftir að sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild hefur verið afhent til vörslu skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að það ríki eða þau samtök afhenda til vörslu skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild.

21. gr.

Uppsögn.

Hvenær sem er að liðnum þremur árum frá því að samningur þessi öðlast gildi að því er aðila varðar getur viðkomandi aðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluáðila. Sérhver upp sögn skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir að vörslu aðili tekur við henni.

22. gr.

Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar hans á ensku, frönsku og rússnesku eru allir jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Árósum (Danmörku) hinn 25. júní 1998.

I. VIÐAUKI

Listi yfir starfsemi sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 6. gr.

1. Orkugeirinn:

- hreinsunarstöðvar fyrir jarðolíu og gas;
- verksmiðjur til gasmyndunar og vökvamyndun ar;
- varmaorkuver og önnur brennslusver með orku aðveitu 50 megavött (MW) eða meira;

- koksofnar;
- kjarnorkuver og aðrir kjarnaofnar, þar með talið að taka í sundur eða taka úr notkun slík orkuver eða ofna¹ (nema rannsóknarver fyrir framleiðslu og ummyndun kjarnakleyfra og frjórna efna með orku sem er ekki meiri en 1 kW stöðugt varma álag);

- stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin;
- stöðvar sem hannaðar eru:
 - til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna;
 - til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs;
 - til endanlegrar förgunar á geisluðum kjarna kleyfum efnunum;
 - eingöngu til endanlegrar förgunar á geisla virkum úrgangi;
 - eingöngu til geymslu (til meira en 10 ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnunum eða geisla virkum úrgangi annars staðar en á fram leiðslustað.

2. Framleiðsla og vinnsla málma:

- verksmiðjur til að baka eða sindra málmgrýti (þar með talið brennisteinssúlfíð);
- stöðvar til framleiðslu á steypujárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu með afköstum yfir 2,5 tonnum á klst.;

- stöðvar til framleiðslu á járnkenndum málmum:
 - (i) heitvölsunarstöðvar með afköstum yfir 20 tonn af hrástáli á klst.;
 - (ii) smiðjur með hömrum sem eru meira en 50 kilojoule hver og þar sem kalóriuorkan, sem notuð er, er meiri en 20 MW;

 - (iii) varnarhúðun með bræddum málmum þar sem notkun er meiri en 2 tonn af hrástáli á klst.;
- málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma með afköst yfir 20 tonn á dag;
- stöðvar:
 - (i) til að framleiða málma sem ekki hafa eiginleika járns úr málmgrýti, uppsafni eða brotamálmum með aðferðum málmvinnslu, efnafræði eða rafgreiningar;
 - (ii) til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlaus um málmum, þar á meðal endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.), með bræðsluafköst yfir 4 tonn á dag fyrir blý og kadmíum og 20 tonn á dag fyrir alla aðra málma;
- stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- eða efnameðferð ef rúmmál meðferðarkeranna er meira en 30 m³.

3. Steinefnaíðnaður:

- verksmiðjur til að framleiða sementsgjall í snúningsbrennsluofnum með afköst yfir 500 tonn á dag eða kalk í snúningsbrennsluofnum með afköst yfir 50 tonn á dag eða í annars konar brennsluofnum með afköst yfir 50 tonn á dag;
- stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum;
- stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni með bræðsluafköst yfir 20 tonn á dag;
- stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar með bræðsluafköst yfir 20 tonn á dag;
- stöðvar til framleiðslu á leirvöru með brennslu, einkum þakflísu, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum og postulíni, með afköst yfir 75 tonn á dag og/eða ofnarými yfir 4 m³ og með hleðsluþéttleika yfir 300 kg/m³ á hvern brennsluofn.

4. Efnaiðnaður: Framleiðsla innan þeirra flokka starfsemi sem greinir í þessum tölulið merkir framleiðslu á stærðargráðu iðnaðar með kemískri vinnslu efna eða flokka efna sem getið er í a-til g-liðum:

a) efnaverksmiðjur til að framleiða lífræn hráefni, svo sem:

- (i) einföld kolefnissambönd (línu- eða hring tengd, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk);
- (ii) súrefnisinnihaldandi kolvetni svo sem alkóhól, aldehyð, ketón, karboxýlsýrur, esterar, asetöt, eterar, peroxyíð, epoxy- efni;
- (iii) kolvetnissúlfíð;
- (iv) níturkolvetni svo sem amín, amíð, nítur sambönd, nítró- eða nítratsambönd, nítríl, síanöt, ísósíanöt;
- (v) kolvetni sem innihalds fosfór;
- (vi) halótgenísk kolvetni;
- (vii) lífræn málmefnasambönd;
- (viii) hráefni í plastiðnaði, (pólýmer, gervi þræðir og sellulósapræðir);
- (ix) gervigúmmí;
- (x) litunarefni og litarefni;
- (xi) yfirborðsvirk efni;

b) efnaverksmiðjur til að framleiða ólífræn hrá efni, svo sem:

- (i) gastegundir, svo sem ammóníak, klór eða klórvetni, flór eða flórvetni, kolefnisoxíð, brennisteinssambönd, níturoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbóníklóríð;
- (ii) sýrur, svo sem krómsýru, flórvetnissýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, olíusýru, brennisteins tvísýrlinga;
- (iii) basa, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalí umhýdroxíð, natríumhýdroxíð;
- (iv) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíum klóríð, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat;
- (v) málmleysingja, málmoxíð og önnur ólíf ræn efnasambönd svo sem kalsíumkarbíð, silíkon, silíkonkarbíð;

c) efnaverksmiðjur til að framleiða áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum

(einnig áburðarblöndur);

- d) efnaverksmiðjur til að framleiða grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða;
- e) verksmiðjur til að framleiða grunnlyfjavörur með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum;
- f) kemískar verksmiðjur til framleiðslu á sprengi efni;
- g) kemískar verksmiðjur þar sem kemískar eða líf rænar aðferðir eru notaðar til að framleiða við bótarefni í prótínfóðurbæta, hvata og önnur prótínefni.

5. Meðferð úrgangs:

- stöðvar fyrir brennslu, endurvinnslu, efnameð ferð eða urðun hættulegra úrgangsefna;
- verksmiðjur fyrir brennslu heimilisúrgangs með afköst yfir 3 tonn á klst.;
- verksmiðjur fyrir förgun á úrgangi sem ekki er hættulegur með afköst yfir 50 tonn á dag;
- urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða með heildarrými fyrir meira en 25.000 tonn, að frátöldum urðunarstöðum fyrir óbreytanlegan úrgang.

6. Skólphreinsistöðvar með meiri afkastagetu en sem svarar til 150.000 íbúa byggðar.

7. Verksmiðjur fyrir:

- a) framleiðslu á pappírseigi úr timbri eða svipuð um trefjaefnum;
- b) framleiðslu á pappír og pappa sem geta fram leitt meira en 20 tonn á dag.
 - 8. a) Lagning járnbrauta yfir miklar vegalengdir, svo og flugvalla,² með 2100 metra langa megin flugbraut eða lengri;
 - b) lagning vega og hraðbrauta;³
 - c) lagning nýs vegar með fjórum akreinum eða fleiri, eða lagfæring á veglínu og/eða breikkun vegar með tveimur akreinum eða færri til þess að fjölga akreinum í minnst fjórar, ef nýi vegur inn, lagfærð veglína og/eða breikkaður vegar hluti væri 10 km eða meira að lengd samfellt.

9. a) Skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1350 tonn komast um;

b) viðskiptahafnir, bryggjur til útskipunar og upp skipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöld um ferjubryggjum) sem skip stærri en 1350 tonn geta lagst að.

10. Kerfi til að vinna grunnvatn eða veita því á svæði, ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir rúmmetrar eða meira.

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Landbúnaðarstofnun veitir.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal Landbúnaðarstofnun afla umsagnar fisksjúkdómanefndar og Fiskistofu. Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldistofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Leyfi: Rekstrarleyfi Landbúnaðarstofnunar vegna starfrækslu fiskeldisstöðva.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: g-liður 1. tölul. 2. viðauka, þaueldi á fiski

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til landbúnaðarráðherra skv. stjórnsýslulögum.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnsýslulög.

3. Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006.

4. gr. Landshlutaáætlunir.

Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal ná yfir 40 ár og taka mið af bæði skógræktarlegum og hagrænum forsendum. Áætlunina, eða einstaka þætti hennar, skal endurskoða á 10 ára fresti, eða oftar ef ljóst er að forsendur áætlunar bresta, og leiðréttá ef afgerandi frávik verða.

Landshlutaáætlun skal taka mið af þeim fjárveitingum sem Alþingi hefur ætlað landshlutaverkefnunum í sérstakri þingsályktun þar um, sem landbúnaðarráðherra leggur fram og ná skal til 10 ára í senn.

Leyfi: Ekki eiginleg leyfisveiting heldur skógræktaráætlun.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Getur mögulega fallið undir d-lið 1. tölul. 2. viðauka, nýræktun skóga á 200 ha. svæði eða stærra eða á verndarsvæðum

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Ef talið er að ákvæðið falli undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þá tryggja ákvæði þeirra laga að 6. gr. samningsins sé uppfyllt.

Kæruleið: Ekki kæranlegt

Hverjir mega kæra?

C. Leyfi samkvæmt löggjöf sjávarútvegsráðuneytisins sem kunna að falla undir 1 eða 2 viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 6. og 9. gr. Árósasamningsins.

1. Lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 55/1998

Vinnsluleyfi og starfsleyfi skv. 14. gr.

“Allar vinnslustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. [lög nr. 38/1990](#), um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskmjölsverksmiðjur, framleiðslustöðvar dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem slátrun, vinnsla eða þökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks fer fram. Ráðherra getur í reglugerð¹⁾ sett nánari reglur um búnað vinnslustöðva þar sem slátrun á eldisfiski fer fram og um eftirlit með slátrun á eldisfiski.”²⁾

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. [lög nr. 38/1990](#), önnur en vinnsluskip, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafllu í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á, og samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 16. gr. Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis.

Fiskistofa heldur skrá yfir vinnslu- og starfsleyfishafa sem skal senda til sjávarútvegsráðuneytis, Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra erlendra eftirlitsaðila sem þess óska.

Ráðherra getur sett nánari reglur um veitingu leyfa og skráningu þeirra.

¹⁾ [Rg. 238/2003](#), sbr. [485/2003](#) og [515/2004](#). ²⁾ [L. 40/2004, 2. gr.](#) “

30. gr.

“Uppfylli vinnslu- eða starfsleyfishafi ekki ákvæði II. kafla, 15. gr. um innra eftirlit og 16. gr. er Fiskistofu heimilt að svipta hann vinnsluleyfi eða starfsleyfi og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fáir skip ekki vinnsluleyfi eða starfsleyfi, sbr. 14. gr., eða sé svipt því er Fiskistofu heimilt að svipta það veiðileyfi.

Áður en til sviptingar kemur skv. 1. mgr. skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiði starfs- eða vinnsluleyfishafi Fiskistofu eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 17. gr., getur Fiskistofa svipt viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfi.”

31. gr.

“Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um efni þessara laga og að ákveða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli þeirra. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði af þjónustunni.

Gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skal vera 200.000 kr.

¹⁾ [Rg. 429/1992](#), sbr. [588/1997](#); [rg. 450/1997](#), [rg. 233/1999](#), sbr. [387/2000](#) og [367/2001](#); [rg. 260/1999](#), sbr. [391/2000](#) og [372/2001](#); [rg. 849/1999](#), sbr. [203/2000](#), [771/2000](#), [42/2001](#), [391/2002](#), [1000/2003](#) og [235/2005](#); [rg. 77/2001](#), [rg. 910/2001](#).”

Leyfi: Vinnslu og starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiður sem veitt eru af Fiskistofu að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað ef við á, og samning við faggilta skoðunarstofu.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Getur fallið undir h-lið 7. tölul. 2. viðauka, fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetur 500 tonn á sólarhring eða meiri.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Ef talið er að ákvæðið falli undir 2. viðauka laganna um mat á umhverfisáhrifum þá tryggja ákvæði laganna það.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

Kæruleið: Kæranlegt til sjávarútvegsráðherra skv. stjórnsýslulögum.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnsýslulög.

2. Lög um eldi nytjastofna sjávar nr. 33/2002.

Rekstrarleyfi skv. 3. gr.

“Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Til eldis nytjastofna þarf rekstrarleyfi Fiskistofu. Áður en Fiskistofa gefur út slíkt leyfi skal hún afla umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar. Er eldi nytjastofna óheimilt á Íslandi eða í iskveiðilandhelgi Íslands án slíks leyfis. _ Umsókn um rekstrarleyfi skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um m.a. eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot lands og sjávar, leyfi tilmannvirkjagerðar og leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur. Þá skulu fylgja umsókn gögn um sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti, svo og önnur gögn sem Fiskistofa óskar eftir að lögð verði fram. _ Ef umsókn og önnur gögn eru fullnægjandi og sýnt er að veiting leyfisins stríðir ekki gegn markmiðum 1. gr. skal

Fiskistofa gefa út rekstrarleyfi til fimm ára í senn. _ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð 1) á grundvelli þessara laga sem mælir nánar fyrir um skilyrði sem umsækjendur um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þurfa að uppfylla til að fá útgefið leyfi. Í reglugerðinni skal meðal annars tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrymi, framleiðslugetu og önnur atriði er varða vistfræðilega og sjúkdómstengda þætti, [þar á meðal um takmörkun eða bann eldis á nytjastofnum er lög þessi ná til ef ljóst þykir að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun við staðbundna stofna eða að liffræðilegri fjölbreytni sé ógnað og tegundum eða stofnum stefnt í hættu]. 2) _ Þrátt fyrir 2. mgr. er ráðherra heimilt í reglugerð að kveða sérstaklega á um skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa til stöðva sem ekki falla undir matsskyldu samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. 1) Rg. 238/2003, sbr. 485/2003 og 515/2004. 2) L. 13/2004, 1. gr.”

8. gr.

“) Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða ef leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal Fiskistofa veita honum skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörðun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur Fiskistofa afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörðunar eða frests til úrbóta. 1) L. 73/2003, 1. gr.”

Leyfi: Rekstrarleyfi til eldis nytjastofna veitt af Fiskistofu.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Getur fallið undir g, lið 1 tl.2. viðauka, þaueldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Ef talið er að ákvæðið falli undir 2. viðauka laganna um mat á umhverfisáhrifum þá tryggja ákvæði laganna það.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

Kæruleið: Kæranlegt til sjávarútvegsráðherra skv. stjórnsýslulögum.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnsýslulög.

D. Leyfi samkvæmt löggjöf umhverfisráðuneytisins sem kunna að falla undir 1 eða 2 viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. og 9. gr. Árósasamningsins.

1. Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

38. gr. Hætta á röskun náttúruminja.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.

Leiti framkvæmandi ekki leyfis skv. 1. mgr. er Umhverfisstofnun heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar. Verði ekki orðið við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr., og leita atbeina lögreglu ef með þarf.

Leyfi: Leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum, sbr. 38. gr. nvl.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Geta öll átt við ef um er að ræða framkvæmd sem getur spillt friðlýstum náttúruminjum.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra sbr. 74. gr. nvl.

Hverjir mega kæra? Aðili máls sbr. stjórnáslutlög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

2. Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

41. gr. Innflutningur, ræktun og dreifing lifandi lífvera.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlendis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum.

...

Leyfi: Leyfi ráðherra fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera, sbr. 41. gr. nvl.

Ákvæði I eða II viðauka sem eiga við: d. og e. liður 1. tölul. 2. viðauka, nýræktun skóga og uppgræðsla lands.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra sbr. 74. gr. nvl.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnáslutlög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

3. Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

47. gr. Heimild til efnistöku.

Um leyfi til efnistöku af eða úr hafsbótum utan netlaga fer eftir ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbótansins, nr. 73/1990. Iðnaðarráðherra skal þó leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbótum innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila. Enn fremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbótum innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr.

Leyfi: Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar vegna efnistöku, sbr. 47. gr. nvl. og 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Ákvæði I eða II viðauka sem eiga við: 21. tölul. 1. viðauka og 2. tölul. 2. viðauka, efnistaka.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarlaga, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnáslutlög auk umhverfisverndar- og hagsmunasamtaka.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já.

4. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

9. gr. Varp efna og lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna.

Varp efna og hluta í hafid er óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafid:

a. dýpkunarefnum,

b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,

c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Leyfi: Leyfi Umhverfisstofnunar vegna lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna, sbr. 9. gr.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: 22. tölul. 1. viðauka, b. liður 3. tölul og g. liður 10. tölul. 2. viðauka, sæstrengir og neðansjárleiðslur.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra sbr. stjórnsýslulög.

Hverjir mega kæra? Aðili máls sbr. stjórnsýslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

5. Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

3. gr. Verndun Mývatns og Laxár.

Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.

Leyfi: Leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag, sbr. 3. gr.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Geta öll átt við ef um er að ræða framkvæmd sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á Mývatns- og Laxársvæðinu.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra sbr. stjórnsýslulög

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnsýslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

6. Lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

5. gr. Útgáfa starfsleyfis.

Móttökustöð fyrir úrgang skal hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Áður en starfsleyfi er gefið út skal Umhverfisstofnun kanna hvort fyrirhuguð móttökustöð fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerða sem varða móttökustöðvar.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og annars konar starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þó skal Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við móttökustöðvar.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir annan atvinnurekstur sem hún veitir starfsleyfi sem heimilur starfsleyfishafa förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins er varða förgun úrgangs vera í samræmi við lög þessi.

Ef rekstraraðili móttökustöðvar hyggst gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið eða flytja reksturinn ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um það með hæfilegum fyrirvara. Umhverfisstofnun skal meta innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningar hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt starfsleyfi vegna þeirra breytinga sem rekstraraðili hefur tilkynnt um.

Ef forsendur breytast er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en gert var ráð fyrir þegar leyfið var gefið út, breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Ef fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum skal ekki gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

Leyfi: Leyfi Umhverfisstofnunar fyrir móttökustöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs (förgunarstaðir, urðunarstaðir, brennslustöðvar).

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: 12. tölul. 1. viðauka og b. d. og i. liður 11. tölul. 2. viðauka, förgunarstöðvar.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra sbr. 2. mgr. 23. gr.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnsýslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

7. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

4. gr. a. Stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögum þessum skulu hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Heilbrigðisnefnd er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um framkvæmd hollustuverndar.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

Leyfi: Leyfi heilbrigðisnefndar vegna starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali laganna (hollustuháttastarfsleyfi).

Skýrsla Árósanefndar 28. september 2006

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: ii. liður 25. tölul. 1. viðauka, a. liður 10. tölul., a. liður 11. tölul. og e liður 12. tölul. 2. viðauka, verslunarmiðstöðvar, samgöngumiðstöðvar, varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir og varanleg tjald- og hjólhýsasvæði (>10 ha).

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til úrskurðarnefndar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. þeirra laga.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

8. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

5. gr. a. Allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skal hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknibróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Kraftist skal bestu fánlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því.

6. gr. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögum þessum.

Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og ekki er talinn upp í fylgiskjali, sbr. 1. mgr., eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð.

Umhverfisstofnun skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Umhverfisstofnunar innan átta vikna frá auglýsingu.

Umhverfisstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna.

Auglýsa skal í B-deild Stjórnartíðinda útgáfu og gildistöku starfsleyfa sem Umhverfisstofnun gefur út.

Leyfi: Leyfi Umhverfisstofnunar/heilbrigðisnefndar vegna starfsemi sem getur haft í för með sér mengun (mengunarvarnarsleyfi).

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Öll starfsemi sem haft getur í för með sér mengun.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og reglugerðar nr. 785/1999 tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra, sbr. 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

9. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.

27. gr. Framkvæmdaleyfi.

Aflla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að aflla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin er sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvisu innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kærheimildir og kærufresti.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tveggja ára frá útgáfu þess.

Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

43. gr. Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki aðaluppdráttu og framkvæmdáforma eða á breyttri notkun húss.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því að umsókn barst. Er slík frestun heimil ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt, breytingar á því standa yfir eða ef setja á ákvæði um hverfisvernd í deiliskipulag. Frestun á afgreiðslu málsins skal tilkynnt umsækjanda. Eigandi fasteignar, sem verður fyrir tjóni vegna frestunar sveitarstjórnar á afgreiðslu byggingarleyfis samkvæmt þessari málsgrein, á rétt til bóta.

Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða

óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á upprátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.

Sé um að ræða framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

44. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.

2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, svo sem gatnagerðargjald, bílastæðagjald og tengigjöld, þar sem við á, hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Áður en framkvæmdir eru hafnar skal byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína og tilkynna byggingarfulltrúa nöfn iðnmeistara.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

Staðfesting sveitarstjórnar fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða.

Leyfi: Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi sveitarstjórnar sbr. 27., 43. og 44. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Öll starfsemi sem talin er upp í viðaukanum þarf annað hvort framkvæmda eða byggingarleyfi.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnsýslulög auk umhverfisverndar- og hagsmunasamtaka

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já.

10. Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

6. gr. Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

Leyfi: Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Skýrsla Árósanefndar 28. september 2006

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: Geta öll átt við ef um er að ræða framkvæmd á Breiðafjarðarsvæðinu þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra sbr. stjórnýslulög.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnýslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

11. Lög um matvæli, nr. 93/1995.

IV. kafli. Framleiðsla og dreifing.

9. gr. Þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim skulu tilkynna um starfsemi sína til fyrirtækjaskrár og hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla.

VIII. kafli. Leyfisveitingar.

20. gr. Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Heimilt er að binda slíkar leyfisveitingar ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir yfirstjórn sjávarútvegs- eða landbúnaðarráðherra er leyfisveiting annars vegar í höndum Fiskistofu og hins vegar í höndum yfirdýralæknis.

Leyfisveiting og endurnýjun leyfa er háð því að eftirlits- og leyfisgjald hafi verið greitt, sbr. og 25. og 26. gr., og leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla má fella úr gildi ef sá sem slíkt leyfi hefur gerist sekur um ítrekuð eða alvarleg brot á lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Þeir sem annast leyfisveitingu geta endurskoðað veitt leyfi ef framleiðandi eða dreifandi ráðgerir að taka í notkun framleiðslutækni sem ekki hefur áður verið almennt í notkun og skal viðkomandi eftirliti tilkynnt um slíkar fyrirætlanir.

21. gr. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. og III. og IX. kafla laganna geta ráðherrar, að höfðu samráði við samstarfsráð, gert með sér samkomulag um að einn og sami aðili annist leyfisveitingar og eftirlit vegna tiltekinnar starfsemi.

Leyfi: Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 20. gr. mvl.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: 7. tölul. 2. viðauka, ýmis matvælaframleiðsla á verndarsvæðum.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til úrskurðarnefndar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. mvl. og 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnýslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

12. Lög um dýravernd, nr. 15/1994.

III. kafli. Dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

12. gr. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tanningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis. Heimilt er Umhverfisstofnun að taka gjald fyrir útgáfu leyfisins. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfisins. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá um útgáfu leyfa samkvæmt ákvæði þessu.

Leyfi umhverfisráðherra þarf til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

Umhverfissráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um leyfisveitingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfsemi. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

Leyfi: Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: f. liður 12. tölul. 2. viðauka, skemmtigarðar sem ná yfir a.m.k. 2 ha svæði.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfissráðherra.

Hverjir mega kæra? Aðili máls, sbr. stjórnsýslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

13. Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

II. kafli. Ákvæði varðandi eiturefni.

Framleiðsla eiturefna.

■ 4. gr. Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins og Umhverfisstofnun með veitingu slíkra leyfa.

Blöndun og þynning eiturefna og pökkun í söluhaf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla nema öðruvísi sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 5. gr.

Leyfi: Framleiðsla eiturefna er háð leyfi umhverfissráðherra.

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: 7. tölul. 1. viðauka og a. og b. liður 6. tölul. 2. viðauka

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfissráðherra.

Hverjir mega kæra? Aðili máls sbr. stjórnsýslulög.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

14. Lög um erfðabreyttar lifverur, nr. 18/1996.

V. kafli. Slepping eða dreifing erfðabreyttra lifvera.

■ 13. gr. Óheimilt er að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lifverum, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Sækja skal um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir hverja einstaka sleppingu eða dreifingu. Sækja má um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn, enda sé um að ræða samsetningu eða blöndu erfðabreyttra lifvera á einum stað eða sömu tegund þeirra er sleppt á fleiri stöðum í sama skyni og á afmörkuðu tímabili. Stofnunin skal staðfesta móttöku umsókna skriflega.

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lifveru, greinargerð um hugsanlegar afleiðingar af sleppingu og dreifingu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og siðferðileg álitæfni ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

Umsóknir um leyfi skulu vera þannig úr garði gerðar að þær séu fallnar til almennrar kynningar eftir því sem ákveðið kann að verða og samrýmist ákvæðum um upplýsingaskyldu og trúnað.

Athugasemd: Ákvarðanir um að sleppa og dreifa erfðabreyttum lífverum er ekki meðal þeirrar starfsemi sem talin er upp í viðaukum 1 og 2 laga um mat á umhverfisáhrifum. Í 11. tölul. 6. gr. Árósasamningsins segir hinsvegar: „Sérhver aðili skal, innan marka landslaga, beita ákvæðum þessarar málsgreinar að því marki sem er gerlegt og viðeigandi um ákvarðanir er varða hvort leyfa beri vísitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið”.

Leyfi: Óheimilt er að hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 8. gr. laga um erfðabreyttar lífverur. Einnig er óheimilt að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Markaðssetning erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær er einnig háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Hér gilda ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum ekki. Í lögum um erfðabreyttar lífverur eru ákvæði um að Umhverfisstofnun sé heimilt að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin, sbr. 27. gr. Ef til vill telst það nægjanlegt í ljósi milds orðalags 11. tölul. 6. gr. Árósasamningsins. Benda má á að innan Evrópusambandsins hefur verið samþykkt ný tilskipun nr. 2001/18/EB sem ekki hefur verið innleidd í íslenskan rétt. Sú tilskipun kallar m.a. á breytingar á ákvæðum laganna varðandi upplýsingar til almennings. Þau ríki sem innleitt hafa þá tilskipun hafa komist að þeirri niðurstöðu að þau uppfylli framangreind ákvæði Árósasamningsins.

Kæruleið: Kæranlegt til umhverfisráðherra.

Hverjir mega kæra? „Umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað”, sbr. 25. gr.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

E. Leyfi samkvæmt löggjöf forsætisráðuneytisins sem falla undir 1 eða 2 viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 6.gr. og 9. gr. Árósasamningsins.

1. Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

1.-3. mgr. 3. gr.

Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.

Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.

Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum.

Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra. Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til. Sveitarstjórn skal árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins.

Leyfi: Leyfi forsætisráðherra til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra.

Skýrsla Árósanefndar 28. september 2006

Ákvæði 1 eða 2 viðauka sem eiga við: 2., 21. tölul. 1. viðauka og a., b. og c. liðir 2. tölul. a. liður 3. tölul. 2. viðauka

Eru ákvæði 6. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Já, ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tryggja það.

Kæruleið: Leyfisveiting sveitarstjórnar kæránleg til forsætisráðuneytisins en leyfi forsætisráðuneytisins ekki kæránleg.

Hverjir mega kæra? Aðili máls skv. stjórnsýslulögum.

Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins uppfyllt? Nei.

